

**153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 1532 – 984. mál.**

Skýrsla

**Guðmundar Inga Guðbrandssonar samstarfsráðherra Norðurlanda
um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2022**

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Forsætisráðherrar Norðurlanda	2
Samstarfsráðherrar Norðurlanda	3
Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt	4
Orkumál	5
Atvinnumál	6
Byggðamál	7
Stafræn þjónusta og stafvæðing	9
Umhverfis- og loftslagsmál.....	10
Menntamál og rannsóknir	11
Menningarmál	12
Félags- og heilbrigðismál.....	13
Jafnréttismál og málefni hinsegin fólks	18
Vinnumál.....	19
Löggjafarsamstarf	20
Efnahags- og fjármál.....	21
Barna- og ungmennanefndin (NORDBUK)	21
Sérfræðingahópur um sjálfbæra þróun.....	22
Fylgiskjal I: Uppbygging norræns samstarfs	23
Fylgiskjal II: Skammstafanir og aðrar stofnanir norræns samstarfs	25

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir því helsta sem unnið var á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) á árinu 2022. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, hefur gegnt störfum samstarfsráðherra Norðurlanda frá 30. nóvember 2021.

Á árinu leiddi Noregur störf Norrænu ráðherranefndarinnar undir yfirskriftinni „Norðurlönd – sterkari og grænni í sameiningu“ þar sem lögð var áhersla á framtíðarsýn norræns samstarfs um að Norðurlöndin yrðu sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Til þess að ná þeirri framtíðarsýn er nú starfað eftir framkvæmdaáætlun fyrir árin 2021-2024 sem skiptist í þrjá meginþætti og var formennskuáætlun Noregs skipt upp eftir þessum sömu þáttum. Þessir þrjú meginþættir eru: Græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Fyrri part ársins setti mark sitt á samstarfið áhrif heimsfaraldursins kórónuveiru á daglegt líf Norðurlandabúa og norrænnar samvinnu. Á árinu var unnið að tillögum Jan-Erik Enestam, fyrrverandi ráðherra frá Finnlandi, sem hafði gert stefnumótandi úttekt á því hvernig mætti draga lærdóm af heimsfaraldrinum til þess að efla samstarf á krísutímum, og kynnt var á þingi Norðurlandaráðs í nóvember 2021. Á árinu var að störfum verkefnahópur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um krísusamstarf sem vann að tillögum hans. Meðal þeirra atriða má nefna aukinn hreyfanleika, opinn vinnumarkað og frjálsa för á Norðurlöndum, sérstaklega áskoranir landamærasvæða, málefni sem tengjast sýkingavörnum og ógnum við heilsu og stuðning við áframhaldandi samþættingu í takt við framtíðarsýnina 2030.

Á árinu átti sér stað undirbúningur, skipulagning og samráð um formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni sem fram fer á árinu 2023. Samkvæmt röð ríkja átti Svíþjóð að gegna formennsku í ráðherranefndinni á árinu 2023, en vegna formennsku Svíþjóðar í ráði Evrópusambandsins á fyrri hluta árs 2023 óskaði Svíþjóð eftir því að Ísland mundi skipta um sæti við Svíþjóð og taka að sér formennskuna fyrir árið 2023 og varð Ísland við þeirri ósk. Svíþjóð mun því taka við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2024. Á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki hinn 1. nóvember 2022 kynnti Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, formennskuáætlun Íslands fyrir árið 2023 undir yfirskriftinni „Norðurlönd – afl til friðar“. Auk þess að leggja áherslu á framtíðarsýn norræns samstarfs og hina þrjá meginþætti framkvæmdaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar er einnig sérstök áhersla lögð á frið.

Forsætisráðherrar Norðurlanda

Óhætt er að fullyrða að samskipti forsætisráðherra Norðurlanda hafi verið virkari á liðnu ári heldur en árin á undan þegar heimsfaraldur kórónuveiru geisaði. Snemma á árinu, skömmu eftir afléttingar takmarkana víða í Evrópu, réðst Rússland inn í Úkraínu og hefur stríðið síðan þá verið efst á baugi í samskiptunum.

Venju samkvæmt hittast forsætisráðherrar Norðurlanda tvisvar á ári, annars vegar á óformlegum sumarfundi og hins vegar í tengslum við Norðurlandaráðsþing. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sótti báða fundina, en óformlegi sumarfundurinn fór fram í Ósló hinn 15. ágúst. Þar voru til umræðu öryggis- og varnarmál í Evrópu og fyrirhuguð aðild Finnlands og Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu (NATO) annars vegar og græn orkuskipti, bláa hagkerfið og umhverfismál hins vegar. Í Ósló áttu norrænu forsætisráðherrarnir — Katrín Jakobsdóttir, Jonas Gahr Støre, forsætisráðherra Noregs, Mette Frederiksen, forsætisráðherra Danmerkur, Magdalena Andersson, þáverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, og Sanna Marin, forsætisráðherra Finnlands — einnig fund með Olaf Scholz, kanslara Þýskalands, en þar voru helst til umræðu stríðið í Úkraínu og orkumálin í Evrópu. Fundur Norðurlandaráðsþings fór fram í Helsinki í byrjun nóvember en þar tók forsætisráðherra þátt í leiðtogaumræðum og kynnti formennskuáætlun Íslands fyrir árið 2023 í Norrænu ráðherranefndinni en yfirskrift formennskunnar er „Norðurlönd – afl til friðar“ og endurspeglar áherslurnar í grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.

Auk sumarfundarins og dagskrár í kringum Norðurlandaráðsþing, hittust forsætisráðherrar Norðurlanda á fundi í Kaupmannahöfn hinn 4. maí ásamt Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands. Meðal umræðuefna á fundinum voru innrás Rússlands í Úkraínu, heimsfaraldurinn af völdum kórónuveiru, aðgerðir í loftslagsmálum og mikilvægi fjölbjódasamstarfs þegar kemur að áskorunum í alþjóðakerfinu. Seinna í maí gáfu forsætisráðherrar Íslands, Danmerkur og Noregs út sameiginlega yfirlýsingu þar sem þeir komu á framfæri stuðningi sínum við ákvörðun Finnlands og Svíþjóðar um að sækja formlega um aðild að NATO. Fáeinum vikum seinna var sú afstaða ítrekuð á blaðamannafundi sem leiðtogar Norðurlanda efndu til, í lok leiðtogafundar NATO í Madríd.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fór í opinbera heimsókn til Grænlands í maí en hún varð þar með fyrsti forsætisráðherra Íslands til að gera slíkt frá árinu 1998. Þar átti hún tvíhliða fund með Múte B. Egede, formanni landsstjórnar Grænlands, þar sem þau ræddu gott samstarf Íslands og Grænlands og hvernig hægt væri að útvíkka það

enn frekar. Auk þess átti hún fund með Naaju Nathanielsen, fjármálaráðherra Grænlands, en hún er einnig ráðherra jafnréttismála. Heimsókninni var síðan fylgt eftir þegar Egede sótti Hringborð norðurslóða á Íslandi í október. Við það tilefni undirrituðu hann og forsætisráðherra samstarfsyfirlýsingu um útvíkkun tvíhliða samvinnu Íslands og Grænlands. Í yfirlýsingunni eru tilgreind sjö málefnasvið sem sérstök áhersla verður lögð á; viðskipti, fiskveiðar, efnahagssamstarf, loftslagsbreytingar og líffræðilegur fjölbreytileiki, jafnréttismál, menntun og rannsóknir og menningarsamstarf.

Snemma í september var forsætisráðherra gestur á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs sem fram fór í Reykjavík, þar sem voru til umræðu stríðið í Úkraínu, orkuverð, loftslagsmál og efnahagsmál. Fundinn sátu einnig úkraínska þingkonan Lesia Vasylenko, rússneski aðgerðasinninn Evgenia Kara-Murza frá Rússlandi og Franak Viačorka frá Belarús, en hann er aðalráðgjafi Svetlónu Tsíkhanovskaju, leiðtoga hvítússnesku stjórnarandstöðunnar.

Tvíhliða samskipti við Finnland voru öflug á liðnu ári. Forsætisráðherra tók á móti Sauli Niinistö, forseta Finnlands, í opinberri heimsókn í október og Sönnu Marin, forsætisráðherra, í nóvember. Tilefnið var m.a. að á árinu voru liðin 75 ár frá því að stjórnmálasambandi var komið á milli Íslands og Finnlands. Á fundunum með Niinistö og Marin ræddi forsætisráðherra m.a. farsælt samstarf beggja ríkja, stríðið í Úkraínu og aðildarumsókn Finnlands að NATO.

Þá átti Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ýmsa aðra tvíhliða fundi á árinu, t.a.m. með Magdalenu Andersson, þáverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, samhliða fundi sameiginlegu viðbragðsveitarinnar (e. Joint Expeditionary Force, JEF) í London í mars, og arftaka hennar, Ulf Kristersson, í kringum dagskrá Norðurlandaráðsþings í Helsinki í nóvember. Auk þess hittu hún, samhliða fundi forsætisráðherra Norðurlanda, Mette Frederiksen og Narendra Modi í Kaupmannahöfn í maí, Bárð á Steig Nielsen, þáverandi lögmann Færeyja, í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í apríl, og Sönnu Marin í Helsinki í apríl og samhliða dagskrá Norðurlandaráðsþings í nóvember. Við framangreind tilefni ítrekaði forsætisráðherra mikilvægi norrænnar samvinnu, þakklæti fyrir gott og náið vinasamband og ræddi viðfangsefni sem efst voru á baugi hverju sinni.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM) sjá um samræmingu samstarfs norrænu ríkisstjórnanna í umboði forsætisráðherra landanna. Samstarfið á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar miðar að því að auka ávinning fyrir löndin og íbúa þeirra með norrænt notagildi að leiðarljósi (d. nordisk nytte) þar sem samnorrænar aðgerðir mynda virðisauka fyrir löndin og íbúa þeirra á grunni sameiginlegra gilda á borð við traust, gagnsæi og jafnrétti. Ráðherranefndin hefur að leiðarljósi framtíðarsýn norræns samstarfs um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030, sem var samþykkt af forsætisráðherrum Norðurlanda í ágúst 2019 þegar Ísland gegndi síðast formennsku í norrænu samstarfi.

Noregur gegndi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2022 og tók við henni af Finnlandi. Í formennskuáætlun Noregs var lögð sérstök áhersla á virkt samstarf til þess að skapa grænni, samkeppnishæfari og félagslega sjálfbærari Norðurlönd undir yfirskriftinni „Norðurlönd – sterkari og grænni í sameiningu.“

Samstarfsráðherrar héldu fimm fundi á árinu. Samstarfsráðherrar ákváðu í upphafi árs að setja á laggimar tengiliðahóp undir norrænu samstarfsnefndinni (NSK) undir forystu Noregs, til að vinna áfram að málefnum sem fjallað var um í skýrslu Jan-Erik Enestam, fyrrum ráðherra frá Finnlandi, frá nóvember 2021 um áhrif heimsfaraldurs á norrænt samstarf og hvernig standa mætti vörð um samþættingu á Norðurlöndum. Afurðin af vinnunni var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í Helsinki í nóvember 2021 í formi skýrslunnar: „Norrænt samstarf á hættu- og neyðartímum – greinargerð samstarfsráðherra Norðurlanda.“ Í skýrslunni var gerð grein fyrir því samstarfi sem þegar á sér stað á sviði krísviðbragða og þeim stofnunum sem sinna því. Ber þar helst að nefna Haga-samstarfið, NORDEFECO og fleiri smærri samráðsvettvanga. Í niðurstöðu skýrslunnar kom m.a. fram að ríkisstjórnir landanna væru á einu máli um að málefni viðbúnaðar gegn vá eigi áfram að vera í höndum fagyrvalda á hverju sviði og að yfirumsjón með viðbrögðum við áföllum hverju sinni væri í höndum forsætisráðherranna. Í skýrslunni kom fram að með henni hafi hins vegar verið skýrt betur en áður hvernig hlutverki og ábyrgð samstarfsráðherranna væri háttáð í þessum málum. Felur það í sér að þeim er sérstaklega ætlað að halda samnorrænum sjónarmiðum á lofti þegar áföll dynja yfir, án þess að ganga inn á starfssvið fagyrvalda þannig að til tvíverknadar komi.

Á fyrsta samstarfsráðherrafundi ársins var samþykktur rammi fyrir fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2023 að fjárhæð 987.488 millj. DKK. Fjármunum til einstakra fagsviða innan Norrænu ráðherranefndarinnar er úthlutað samkvæmt rammaáætlunarreglum NMR og taka fagsviðin því sjálfstæðar ákvarðanir um nýtingu fjármuna á sínu sviði, innan marka framtíðarsýnar fyrir norrænt samstarf. Vegna áherslubreytingar og breyttrar forgangsröðunar við ráðstöfun fjármagns innan norræns samstarfs eftir samþykkt framkvæmdaáætlunar 2021-2024 fyrir framtíðarsýnina

2030, hefur Norðurlandaráð sóst eftir auknu samráði við Norrænu ráðherranefndina um ráðstöfun fjármuna. Fór því af stað málamíðlunarferli milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs, líkt og árið 2021, sem endaði í málamíðlunarfjárhæð að fjárhæð 22,5 millj. DKK fyrir verkefni á sviðum menningar, menntunar og rannsókna.

Á sumarfundi sínum í Halden í Noregi í júní samþykktu samstarfsráðherrarnir yfirlýsingu um að efla samstarf á erfiðleikatímum. Var þar meðal annars minnt á þá mikilvægu ábyrgð samstarfsráðherranna að vekja athygli á norræna sjónarhorninu (d. det nordiske perspektiv) á erfiðleikatímum og að séð yrði til þess að það land sem fer með formennsku hverju sinni bregðist við og virki hin löndin til samráðs þegar krisur steðja að. Einnig bar það til að dagskrá fundarins breyttist frá upprunalegri áætlun vegna árásar á hinsegin bar í Ósló þar sem tvennt lést. Ráðherrarnir gáfu út yfirlýsingu af því tilefni þar sem lýst var yfir að á sorgartímum væri vert að minna á norræna samstöðu um mannréttindi, sameiginleg gildi og opin samfélög og lögðu ráðherrarnir blómvendi fyrir framan árásarstaðinn.

Til að kynna sér starfsemi og verkefni norrænna stofnana í tilefni af komandi formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2023 ákvað samstarfsráðherra að heimsækja norrænar stofnanir þegar tækifæri gæfist. Þannig heimsótti ráðherra norrænu stofnanirnar Norræna rannsóknarráðið (NordForsk), Norrænu nýsköpunarmiðstöðina (Nordisk Innovation) og Norrænar orkurannsóknir (NEF) í Ósló í tengslum við fundarþátttöku á árinu í Ósló. Þá heimsótti ráðherra stofnanirnar Norrænu velferðarmiðstöðina (NVC), Norræna fjárfestingabankann (NIB), Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO), Menningarstofnun Norrænu ráðherranefndarinnar (NKK), Norræna stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA) og Norræna þróunarsjóðinn (NDF) í Helsinki í tengslum við þátttöku á þingi Norðurlandaráðs. Heimsóknirnar voru mjög gagnlegar fyrir undirbúning formennsku Íslands og að kynnast með beinum hætti þeim virðisauka sem stofnanirnar færa norrænu samstarfi með starfsemi sinni.

Þing Norðurlandaráðs fór fram í Helsinki dagana 31. október - 3. nóvember. Samstarfsráðherra átti þar, til viðbótar við hefðbundna dagskrá, tvíhliða fundi með samstarfsráðherrum Norðurlanda allra landanna, vegna komandi formennsku Íslands 2023. Einnig átti ráðherra tvíhliða fundi með verðandi forseta og varaforseta Norðurlandaráðs og fulltrúum Nordic Civ, norrænu tengslaneti borgaralegra samtaka. Þá átti samstarfsráðherra einnig fundi með vestnorrænum kollegum sínum frá Færeyjum og Grænlandi og Vestnorræna ráðinu, m.a. til að stuðla að auknu vestnorrænu samstarfi á komandi formennskuári Íslands.

Seinni hluta árs lét Paula Lehtomäki frá Finnlandi af störfum sem framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar. Í framhaldinu tók Jonas Wendel, skrifstofustjóri NMR, við starfinu tímabundið en staða framkvæmdastjóra var auglýst í opnu ferli sem er nýjung. Í nóvember var tilkynnt um ráðningu Karenar Ellemann sem framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar frá 1. janúar 2023. Karen Ellemann er frá Danmörku og var áður þingmaður á danska þjóðþinginu, en hefur einnig m.a. gegnt embætti jafnréttisráðherra, umhverfisráðherra og félagsmála- og innanríkisráðherra, auk samstarfsráðherra Norðurlanda.

Norræna stjórnsluhindranaráðið, sem heyrir undir samstarfsráðherrana, vinnur að því að greina stjórnsluhindranir, koma með tillögur að lausn þeirra, benda á leiðir til að koma í veg fyrir að löggjafarstarfið í löndunum geti af sér nýjar hindranir, auk þess að benda á hvar megi bæta upplýsingaflæði til borgaranna vegna hindrana sem ekki hefur enn tekist að leysa. Markmið ráðsins er að afgreiða 5-8 hindranir á ári. Á árinu voru afgreiddar 5 hindranir. Af þeim voru fjórar leystar en ekki reyndist unnt að leysa eina. Ekki er unnt að leysa allar hindranir þar sem löggjöf landanna er oft ólík og stundum skortir vilja til að breyta löggjöf eða framkvæmd reglna heima fyrir. Meðal leystra hindrana á árinu má nefna viðurkenningu á íslenskum fæðingarvottorðum barna samkynhneigðra foreldra, en þau voru ekki tekin gild í Svíþjóð í öllum tilvikum sökum lagaumhverfis þar í landi. Hindrunin var leyst með nýrri lagasetningu í Svíþjóð. Á árinu var áfram unnið að lausn kórónuveirutengdra vandamála sem upp hafa komið, m.a. vegna reglna um sóttkví milli landa og för yfir landamæri. Ráðið þrýsti á um lausn þeirra m.a. með beinum viðræðum og bréfaskrifum við stjórnvöld.

Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt

Norræna embættismannanefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (EK-FJLS samhæfingarnefnd)

Málaflokknum um auðlindamál, FJLS, er stýrt af framkvæmdanefnd sem hefur stefnumarkandi og fjárhagslegt hlutverk, ásamt því að undirbúa samráðsfund allra ráðherra málaflokksins sem haldinn er í júní ár hvert. Þannig starfa þrjár undirnefndir fyrir málaflokkana: undirnefnd um fisk og fiskeldi, landbúnað og skógrækt, auk matvæla. Haldnir voru fimm fundir á árinu, þrjár staðfundir og tveir fjarfundir. Á fundunum voru m.a. rædd verkefni sem heyra undir framtíðarsýnina, fjárlög og útdeiling fjármuna til einstakra verkefna og undirbúningur fyrir ráðherrafundinn sem haldinn var í Tromsø í júní. Jafnframt var rætt um eftirfylgni þess sem fram kom á ráðherrafundinum.

Embættismannanefnd um fiskveiðar og fiskeldi (EK-FJLS fiskveiðar og fiskeldi)

Fyrir hönd norrænu sjávarútvegsráðherranna stóð embættismannanefndin um fiskveiðar og fiskeldi fyrir nokkrum viðburðum á árinu og studdi eða hleypti af stokkunum ýmsum samstarfsverkefnum. Í starfi sínu naut nefndin liðveislu norræns vinnuhóps sérfræðinga um fiskveiðar og fiskeldi (AG-Fisk). Venju samkvæmt hefur verið lögð áhersla á að upplýsa um stöðu mála í hverju ríki á þessu sviði.

Þar sem takmarkanir vegna Covid-19 höfðu ekki lengur áhrif var mögulegt að halda tvo staðfundi EK-FJLS (fiskveiðar og fiskeldi) á formennskuári Noregs í Matre og í Þrándheimi. Á árinu lauk nokkrum samstarfsverkefnum með þátttöku íslenskra aðila. Ýmsir viðburðir voru haldnir á þessu sviði og má þar helst nefna lokaráðstefnu NordMar-verkefnanna (NordMar Plastic, NordMar BioRefine og NordMar Ports) í Reykjavík í júní sem voru hluti af formennskuverkefnum Íslands 2019–2021. Í október var jafnframt haldin norræn ráðstefna um hafið í Þórshöfn í Færeyjum með þátttöku stjórn mála- og embættismanna þar sem umfjöllunarefnið var hvernig Norðurlönd gætu aukið samstarf á sviði haftengdra mála.

Embættismannanefnd um landbúnaðar- og skógræktarmál (EK-FJLS landbúnaður og skógrækt)

Embættismannanefndin um landbúnaðar- og skógræktarmál fundaði þrisvar sinnum á árinu 2022, á staðfundum í Bergen og Kaupmannahöfn og einu sinni á fjarfundi. Eins og fyrri ár er náð samstarf við norrænu erfðaaudlindastofnunina (NordGen), norrænu nefndina um landbúnaðarrannsóknir (NKJ) og samstarfsnetið um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS). Verkefni nefndarinnar eru einkum unnin í samstarfi við þá aðila. Ítarlegar ársskýrslur voru lagðar fyrir nefndina um starf þeirra allra, auk afgreiðslu starfs- og fjárhagsáætlana fyrir árið 2023. Dæmi um áhersluverkefni eru til dæmis nýting jarðvegs og sjávar sem kolefnisgeymslu, jarðvegsheilsa, verndun ræktunarlands og forræktun nytjaplöntuyrkja, m.a. í samstarfi við einkaaðila. Ytri úttekt á því verkefni var lögð fram á haustfundi nefndarinnar og sýndi fram á góðan árangur. Leiðarljós í starfi nefndarinnar er sem fyrir framtíðarsýn Norræna ráðherranefndarinnar og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2021-2024 og þverfaglegt samstarf sem byggist á þeirri stefnu. Dæmi um áhersluverkefni 2023 eru viðnámsþróttur í lífhagkerfinu og hagvöxtur byggður á því, nýsköpun í matargerð og stafræn þróun lífhagkerfisins. Þá stendur til að taka umfang starfsemi sem varðar hross til skoðunar á árinu.

Embættismannanefnd um matvæli (EK-FJLS matvæli)

Embættismannanefndin um matvæli fundaði þrisvar sinnum á árinu 2022. Tveir staðfundir voru haldnir, annars vegar í Kaupmannahöfn og hins vegar í Ósló. Samhliða síðari fundinum var haldin vinnustofa þar sem farið var ofan í saumana á samstarfi innan embættismannanefndarinnar til þess að meta hvort þörf væri á að breyta uppbyggingu og málsmeðferð samstarfsins. Þeirri vinnu er ekki lokið og verður haldið áfram á þessu ári. Unnið var að sameiginlegu bréfi ráðherra í ráðherranefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) sem sent var til Evrópusambandsins vegna samræmdra matvælamerkinga í þeim tilgangi að styðja við slíkar merkingar en jafnframt í þeim tilgangi að leggja áherslu á að slíkar merkingar byggist á vísindalegri þekkingu.

Ný útgáfa norrænu næringarráðlegginganna var mikið til umfjöllunar á árinu. Að baki þeim liggur umfangsmikið vísindastarf, en þær verða gefnar út í formennsku Íslands í júní 2023. Verkefnið *heilnæm og sjálfbær matvælakerfi* tók á sig skýrari mynd en verkefnið er flaggskip undir framtíðarsýninni og stuðlar að markmiðunum um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Mikilvægi sjálfbærra matvælakerfa hefur sjaldan verið meira en nú og ekki síst sem leið til aðgerða í loftslagsmálum. Ýmis verkefni og rannsóknir eru komin af stað undir formerkjum verkefnisins sem munu mynda góðan þekkingargrunn með samnorrænt gildi.

Orkumál

Norrænt samstarf á sviði orkumála (EK-E)

Norræna embættismannanefndin um orkustefnu (EK-E) hélt fimm fundi á árinu 2022, þar af einn fjarfund. Fundur norrænna ráðherra orkumála féll niður á árinu vegna forfalla í hópnum. Norræna orkusamstarfið byggist á samstarfsáætlun sem gildir fyrir tímabilið 2022-2024. Helstu áhersluþættir snúa að norræna raforkumarkaðnum, orkunýtni, orkurannsóknum og endurnýjanlegri orku til raforkuframleiðslu og samgangna. Í starfi embættismannanefndarinnar og vinnuhópa hennar er aukin áhersla lögð á áhrif og samspil Evrópulöggjafar á norrænt orkusamstarf og upplýsingaskipti og samráð um stefnu norrænu landanna í orkumálum.

Meginverkefni embættismannanefndarinnar fyrir orkumál lutu að því að fylgja eftir verkefnum í aðgerðaáætlun 2021-2024 sem styðja við framtíðarsýnina um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims 2030. Þar sem tímabil framkvæmdaáætlunarinnar var hálfnað var metið hver framgangur verkefna hefur verið. Verkefni eru í eftirfarandi flokkum: endurnýjanleg orka, orkurannsóknir, vindorka á hafi, kolefnisföngun, rafvæðing, norrænt raforkumarkaðssamstarf, vishönnun, orkunýtni, glatvarmi og hringrásarhagkerfi, stefnumótun Evrópusambandsins, almenningssátt og orkuskipti í samgöngum. Hér undir eru um 20 verkefni í gangi. Þessu til viðbótar er EK-E með yfirumsjón með þverfaglegu verkefni samstarfsráðherranna um orkuskipti í samgöngum. Fulltrúar landanna í EK-E skipta verkefnum á milli sín og eru þannig tengiliðir verkefnanna. Fulltrúi Íslands fylgir eftir verkefnum um orkuskipti í samgöngum. Íslenskt verkefni um orkuskipti í þungaflutningum með þátttöku nokkurra norrænu landanna er eitt þessara verkefna.

Fjórir fastir vinnuhópar eru alla jafna starfandi undir hatti embættismannanefndarinnar um orkumál. Þeir eru eftirfarandi: Nordsyn, sem lætur sig varða verkefni um vishönnun og orkunýtni, EMG sem er um norræna raforkumarkaðinn, AGFE sem er um endurnýjanlega orkugjafa og NGCCUS sem er hópur um kolefnisbindingu. Til skoðunar er að stofna nýjan starfshóp um vetni og rafeldsneyti eða fella undir starfandi hóp. EMG heldur árlega ráðstefnu um raforkumarkað og tengd málefni.

Umræða í embættismannanefndinni tók mjög mið af þeim áskorunum sem orkukerfi álfunnar hafa orðið fyrir vegna innrásarstríðsins í Úkraínu. Orkuöryggi, orkusparnaður og hátt orkuverð voru þannig ofarlega á baugi. Orkuskipti og loftslagsmál voru áfram áberandi í umfjöllun landanna og þá sérstaklega vetni, rafeldsneyti og vindorka. Þá var Evrópulöggjöf sú sem er í mótun undir yfirskrifinni „Fit for 55“ til umræðu og þær áherslur sem er þar að finna og varða orkumarkaðinn og hvernig hann muni stuðla að kolefnishlutleysi. Mótun verkefnaskipulags og áherslna og innra starf var einnig á dagskrá í nefndinni.

Mikið starf er unnið á vettvangi norrænna orkurannsókna (NEF). Skýrsla var gefin út um vindorku á hafi og líffræðilegan fjölbreytileika („Havvind og biodiversitet“) sem jafnframt var kynnt á Hringborði norðurslóða í Reykjavík í október. Á hverju ári er gefin út stöðuskýrsla sem sýnir þróun norrænu ríkjanna í átt að kolefnishlutleysi („Tracking Nordic Clean Energy Progress“). Skýrsla um orkuöryggi er í vinnslu og verður gefin út á fyrri hluta árs 2023. Stofnunin heldur utan um sameiginlegan norrænan sýningarskála (e. Nordic Pavillion) á aðildarríkjafundi Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP) og skipuleggur viðburði. Einnig eru haldnar vinnustofur og stærri ráðstefnur en á árinu var umfjöllun um m.a. vetni, CCS og CCU, jafnréttismál og samstarf við Eystrasaltsríkin.

Atvinnumál

Formlegur fundur ráðherra atvinnumála féll niður á árinu 2022 en ráðherrar áttu í óformlegu samtali í upphafi ársins að frumkvæði iðnaðar- og viðskiptaráðherra Noregs. Norræna embættisnefndin um atvinnustefnu (EK-N) hélt fjóra fundi á árinu og voru allir fundirnir á rafrænu formi fyrir utan þann síðasta sem haldinn var í Kaupmannahöfn.

Að frumkvæði Svíþjóðar var framkvæmd fýsileikakönnun á möguleikum norrænnar samvinnu um bóluefnaframleiðslu. Hér á landi var könnunin unnin í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og ráðgjafafyrirtækið Landás ehf. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar geta ýmis tækifæri falist í því fyrir Norðurlandþjóðirnar að samræma getu sína, aðföng og innviði á sviði bóluefnaframleiðslu og mætti þar sérstaklega skoða þætti sem tengjast fjármögnun, aðfangakeðjum, þróun þekkingar og klínískum rannsóknum.

Í samræmi við framtíðarsýn norræna samstarfsins um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 var áfram unnið að átta áhersluverkefnum í þágu nýsköpunar og sjálfbærrar atvinnuþróunar. Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordic Innovation, NI), undirstofnun EK-N, hefur umsjón með þeim verkefnum í samstarfi við hagaðila og fulltrúa landanna.

Norrænu nýsköpunarhúsin (e. Nordic Innovation houses) eru rekin á nokkrum stöðum í heiminum, þar á meðal í Kísildalnum í Bandaríkjunum. Líkt og undanfarin ár fengu íslenskir frumkvöðlar tækifæri til þjálfunar í nýsköpunarhúsinu í Kísildal, með styrk frá háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytinu. Stjórn Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar fundaði fjórum sinnum á árinu, þar af einu sinni á Íslandi.

Norræni verkefnaútlutningssjóðurinn (The Nordic Project Export Fund, Nopef) útdeildi styrkjum á árinu til 35 fyrirtækja á sviði grænna tæknilausna, að heildarupphæð 1,29 millj. evra. Þar af voru fjögur verkefni með íslenski þátttöku. Af hálfu Íslands tók Ragnheiður H. Magnúsdóttir sæti í stjórn sjóðsins í stað Guðmundar V. Friðjónssonar.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið á fulltrúa í norrænum starfshópi um ferðamál (NTWG). Hlutverk vinnuhópsins er að efla samstarf norrænu landanna á sviði ferðamála og hafa eftirlit með innleiðingu norrænnar samstarfsáætlunar um

ferðamál 2019-2023. Starfshópurinn fundaði fimm sinnum á árinu og eru verkefni hópsins í stöðugri þróun. Árið 2022 voru eftirfarandi verkefni unnin fyrir tilstuðlan hópsins:

- Measuring regional tourism and tourism's environmental impact in the Nordics (verkefnisstjórn: Svíþjóð)
- Communication activities – increasing the visibility of Nordic collaboration in tourism under Nordic Council of Ministers (verkefnisstjórn: öll lönd)
- X-Nordic Travel Contest (verkefnisstjórn: Nordic Innovation)
- NorReg – A Nordic Model for Regenerative Tourism (verkefnisstjórn: Ísland)
- Exploring domestic tourism in Nordics (verkefnisstjórn: Finnland)
- Reboot Nordic Tourism through sustainable product development and marketing in the U.S. and China (verkefnisstjórn: Danmörk)
- Cultural Tourism – a way into more competitive and all-season destinations (verkefnisstjórn: Noregur)

Fundur norræna byggingar- og húsnæðismálaráðherra féll niður á árinu en haldið var áfram með norræna verkefnið „Nordic Sustainable Construction“ sem er hluti af framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar 2030. Ísland er ábyrgðaraðili eins hluta þessa verkefnis sem kallast „Emission-Free Construction Sites.“ Verkefnið er fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni fyrir árin 2022-2024 og miðar vel áfram.

Sett var á laggirnar norræna verkefnið „Nordic Carbon Neutral Bauhaus“ sem er í ætt við Evrópusambandsverkefnið „New European Bauhaus“. Hinn 24. nóvember var haldinn fyrsti viðburðurinn „Into the Woods“ í Helsinki sem og í streymi. Megináhersla verkefnisins er á aukna nýtingu timbers í mannvirkjagerð ásamt fagurfræði umhverfis og bygginga sem aðgerð í loftslagsmálum húsnæðis- og mannvirkjamála.

Byggðamál

Framtíðarsýn fyrir árið 2030 er vegvísir fyrir samstarf í byggðapróun líkt og annarra ráðherranefnda og endurspeglast í *samstarfsáætlun um byggðapróun og skipulagsmál fyrir tímabilið 2021-2024*. Embættismannanefnd um byggðapróun og skipulagsmál felur Norrænu rannsóknarstofnuninni á sviði byggða- og skipulagsmála, Nordregio, að halda utan um framkvæmd aðgerða til að ná markmiðum áætlunarinnar. Er það gert í þremur vinnuhópum sem í eru tveir fulltrúar frá hverju landi og sjálfstjórnarsvæði, auk fulltrúa frá NORA og landamæranefndum, sjá nánari umfjöllun í undirkafla um Nordregio. Embættismannanefnd í byggðapróunar- og skipulagsmálum (EK-R) fundaði fimm sinnum á árinu og voru það tveir fjarfundir og þrír staðfundir.

Ráðherrafundur norræna byggðamálaráðherra (MR-R) var haldinn stafrænt hinn 10. maí 2022. Þátttakendur voru ráðherrar frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Álandi, ásamt framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar. Áheymarfulltrúar voru embættismenn sem sitja í norrænu embættismannanefndinni um byggðapróun (EK-R). Þema fundarins snerist um bráðabirgðaniðurstöður samanburðargreiningar á fjarvinnu (*Multilokalitet*)¹ sem norrænir byggðamálaráðherrar óskuðu eftir vinnslu á undir formennsku Finnlands árið 2021. Utanríkisráðherra Finnlands kynnti í framhaldinu niðurstöður finnskrar rannsóknar á fjarvinnu. Aðdragandi greiningarinnar var að COVID-19-faraldurinn hafði áhrif á hreyfingu íbúa milli landsbyggðar og þéttbýlis og áhugi fólks jókst á fjarvinnu og búsetu í dreifbýli. Fjöldi starfa er í dag hægt að sinna heiman frá, í sumarbústöðum eða í húsnæði fyrir störf óháð staðsetningu vítt og breitt um heiminn. Fjarvinna getur haft jákvæð áhrif í formi búferlaflutninga frá borgum í dreifbýli og aukinna samskipta milli borga og landsbyggðarinnar. Slíkt gæti skapað ný tækifæri og nýja þróun utan stórborga sem styrkti svæðisbundið hagkerfi og byggðapróun. Vandkvæðin sem geta skapast af fjarvinnu geta aftur á móti verið neikvæð áhrif á loftslag og umhverfi og hún getur leitt til félagslegs, efnahagslegs og svæðisbundins ójöfnuðar. Norræna greiningin á fjarvinnu varpar ljósi á þessar áskoranir og áhrif og einnig tækifæri fyrir svæði og sveitarfélög á Norðurlöndum. Einnig voru umræður um aðgang að þjónustu hins opinbera og fyrirtækja á landsbyggðinni en það er einn af lykilþáttum þess að gera samfélög á landsbyggðinni aðlaðandi til búsetu. Ráðherrar ræddu sín á milli hvað löndin eru að gera til að tryggja aðgengi að þjónustu í dreifbýli. Til grundvallar umræðunni var skýrsla Nordregio: *Essential rural services in the Nordic Region – Challenges and opportunities*.² Norski ráðherrann sem var með formennsku lagði til að samtalið yrði víkkað út og ungt fólk yrði fengið inn í framtíðarumræðuna. Sú tillaga var samþykkt að Nordregio kæmi á fót norrænu ungmennaráði í byggðapróun sem ynni að því að svara þessum spurningum. Embættismannanefndin EK-R var beðin um að hefja verkefnið og skila niðurstöðum um hvað unga fólkíð teldi nauðsynlegt að bæta til að dreifbýli á Norðurlöndum yrði

¹ <https://nordregio.org/publications/strengthening-nordic-cooperation-on-remote-work-and-multilocality/>

² <https://nordregio.org/publications/essential-rural-services-in-the-nordic-region-challenges-and-opportunities/>

aðlaðandi fyrir framtíðaríbúa að setjast að í. Niðurstöður skal kynna á degi Norðurlanda á árinu 2024. Loks var kynning á verkefni sem NORA hefur styrkt sem ber heitið „Þang sem drifkraftur fyrir bláan og sjálfbæran vöxt á strandsvæði Norður-Atlantshafsins.“³ Verkefnið hófst árið 2020 og er til þriggja ára. Fyrri stuðningur NORA við verkefnið er 1 millj DKK. Blár og sjálfbær vöxtur snýst um að skapa velferð og þróun sem byggist á endurnýjanlegum auðlindum sjávar og nýta þær til að hlúa að líffræðilegum fjölbreytileika, umhverfi og sköpun sjálfbærra starfa.

Norræna rannsóknastofnunin um byggðapróun og skipulagsmál (Nordregio)

Norræna rannsóknastofnunin um byggðapróun og skipulagsmál, Nordregio, er með aðsetur í Stokkhólmi. Stofnunin er leiðandi í rannsóknum og upplýsingamiðlun, bæði á Norðurlöndum sem og í evrópsku og alþjóðlegu rannsóknasamstarfi. Hjá stofnuninni starfa 50 starfsmenn og þar af eru þrír Íslendingar.

Nordregio er í lykilhlutverki við að halda utan um og hrinda í framkvæmd stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um framtíðarsýn okkar 2030 og leiðir vinnu samræmingarhóps og sér um eftirfylgni og skýrslugerð. Nordregio leiðir framkvæmd norrænu samstarfsáætlunarinnar í byggðapróun og skipulagsmálum 2021-2024 sem stuðlar að því að markmiðum framtíðarsýnar okkar 2030 verði náð með þekkingu og lausnum á mikilvægum viðfangsefnum samfélagsins þvert á Norðurlönd. Samstarfsáætlunin stuðlar að því að hrinda í framkvæmd stefnumarkandi forgangsverkefnunum þremur um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Starfræktir eru þrír vinnuhópar (d. temagrupper) að beiðni embættismannanefndarinnar. Semja þeir starfsáætlun fyrir hvert ár þar sem lögð er áhersla á afmarkaðan fjölda verkefna og mat lagt á samstarf við utanaðkomandi aðila. Þar á meðal er hvernig félagasamtök og atvinnulífið geta komið við sögu í verkefnunum. Nöfn vinnuhópanna endurspeglar viðfangsefni þeirra: TGA, græn borgarþróun með þátttöku allra,⁴ TGB græn strjálbýlisþróun með þátttöku allra⁵ og TGC, græn, nýskapandi og viðnámsþolin svæði.⁶ Tveir fulltrúar frá Íslandi eru í hverjum vinnuhópi, einn landsfulltrúi og einn svæðafulltrúi. Áhugaverðar rannsóknir og skýrslur sem gefnar voru út á árinu eru m.a. skýrsla um framboð þjónustu og aðgengi að þjónustu í strjálbýli á Norðurlöndum.⁷ Einnig skal bent á rannsókn sem nú er í gangi á vegum Nordregio sem snýr að áhrifum rafknúinna flugvéla á landshluta og byggðarlög (e. *Electric aviation and the effects on the Nordic regions*)⁸ og er Háskólinn á Akureyri samstarfsaðili Nordregio í þessari rannsókn. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á kortum sem stofnunin vinnur og framsetningu upplýsinga á kortum⁹. Skýrsla Nordregio um stöðu norrænnar svæðapróunar (e. *State of Nordic Region 2022*)¹⁰ sem gefin er út annað hvert ár fjallaði um lýðfræði, vinnuþátttöku og efnahag og hvernig COVID-19 hefur haft áhrif á þróunina. Ráðstefnan Nordregio Forum 2022 var haldin í Hamar í Noregi og var umfjöllunarefnið græn umbreyting og ójafnvægi í framboði vinnuafis og atvinnutækifæra, þ.e. að atvinnuleitendur eru oft ekki með þá menntun og reynslu sem fyrirtækin sækjast eftir og hvernig hægt er að bregðast við þessu. Upptökur af ráðstefnunni og skýrslur má nálgast á vefslóð á heimasíðu Nordregio.¹¹

Norræna Atlantssamstarfið (NORA)

NORA vinnur að því að efla og þróa samstarf á vestnorræna svæði Norðurlanda, þ.e. á Grænlandi, Íslandi, í Færeyjum og norður- og vesturhluta strandsvæða Noregs. Áhersla er lögð á samstarf innan svæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum, en einnig á nýsköpun og sjálfbæra þróun. Norræna ráðherranefndin meðfjármagnar rekstur NORA með rúmlega 7,1 millj. DKK framlagi árið 2022, en það er einnig styrkt með beinum framlögum frá Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og Noregi sem nema samanlagt u.þ.b. 2 millj. DKK árlega.

NORA veitir styrki með áherslu á verkefni sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi fyrirtækja og stofnana á sviði rannsókna og þróunar á milli landanna.

Núgildandi samstarfsáætlun NORA gildir til ársins 2024. Hún hvílir á þremur grunnstöðum sem eru verkefnastuðningur, stefnumörkun og tengslamyndun. Áherslur í núgildandi áætlun eru svipaðar og í fyrri áætlunum en

³ <https://nora.fo/projects/project/231>

⁴ <https://nordregioprojects.org/urban/#/home>

⁵ <https://nordregioprojects.org/rural/#/home>

⁶ <https://nordregioprojects.org/innovation/#/home>

⁷ <https://pub.nordregio.org/r-2023-2-service-provision-and-access-to-services-in-nordic-rural-areas/service-provision-and-access-to-services.pdf>

⁸ <https://nordregio.org/research/electric-aviation-and-the-effects-on-the-nordic-regions/>

⁹ <https://nordregio.org/maps/>

¹⁰ <http://nordregio.org/wp-content/uploads/2022/03/State-of-the-Nordic-Region-2022.pdf>

¹¹ <https://nordregioevents.org/forum-2022/>

taka mið af framtíðarsýn okkar 2030. Í nefnd NORA sitja þrjú fulltrúar frá hverju landi en þar af er einn frá hverju landi í framkvæmdastjórn (AU). Nefndin heldur tvo fundi á ári í tengslum við tvo umsóknarfresti vegna verkefnastyrkja.

Á árinu var Grænland með formennsku og styrkjum til samstarfsverkefna var úthlutað í tveimur umferðum. Fyrri nefndarfundur NORA og jafnframt ársfundur var haldinn í Qaqortoq á Suður-Grænlandi og var skipulagning hans hluti af formenskustarfi Grænlands. Grænland hefur einnig staðið að skipulagningu á ráðstefnu um það hvernig standa megi að rekstri svæða á heimsminjaskrá UNESCO með hagsmuni nærsamfélagsins að leiðarljósi og verður hún haldin í mars 2023. Í október hélt NORA ráðstefnu í Færeyjum um nýtingu hafsins þar sem lögð var áhersla á að styrkja norrænt samstarf um málefni hafsins. Seinni nefndarfundur NORA var haldinn í Kaupmannahöfn í lok nóvember. Í tengslum við hann var haldin ungmennaráðstefna þar sem rætt var við hóp ungmenna um það hvernig auka mætti samstarf ungs fólks á NORA-svæðinu.

Á árinu bárust alls 33 umsóknir og veittir voru styrkir til 17 verkefna. Þar af leiddu Íslendingar fjögur verkefni og voru þátttakendur í hartnær öllum styrktum verkefnum. Fjármunir til verkefnastyrkja voru samtals 6,2 millj. DKK.

Stafræn þjónusta og stafvæðing

Ráðherranefndin um stafræna væðingu, MR-DIGITAL, er eina nefndin undir hatti Norrænu ráðherranefndarinnar sem Eystrasaltsríkin eru aðili að. Allir fundir nefndarinnar fara því fram á ensku. Leiðarljós nefndarinnar er sameiginleg yfirlýsing ráðherra landanna frá árinu 2020, [Digital North 2.0 declaration](#). Yfirlýsingin á sér einnig góða samsvörun í [Digital Compass](#) Evrópusambandsins.

Norðurlönd og Eystrasaltsríkin búa yfir öflugum stafrænum innviðum. Útbreiðsla rafrænna skilríkja er yfir 90% í löndunum og bæði ríkisstofnanir og fyrirtæki bjóða að jafnaði upp á stafræna þjónustu. Einstaklingar og fyrirtæki kjósa að nýta sér tæknina þegar nálgast skal þjónustu í auknum mæli. Næsta skref í þróun þjónustu er að þjóðríki hagi sínum tæknilegu innviðum með þeim hætti að notendur geti nýtt sér þjónustu þvert á landamæri. Til þess að svo megi verða þurfa löndin að viðurkenna og treysta rafrænum skilríkjum hvers annars, að gögn sem varða notendur flæði með öruggum hætti á milli þjónustuveitenda og að fleiri þjónustuveitendur (stofnanir og fyrirtæki) bjóði upp á rafræna þjónustu. Talsverð vinna hefur farið í verkefni sem þessu tengjast á árinu innan MR-DIGITAL. Sú vinna, undir hatti NOBID (Nordic-Baltic eID) leiddi af sér að hópur Íslands, Danmerkur, Noregs, Lettlands auk Ítalíu og Þýskalands, sótti um og fékk styrk úr DIGITAL Europe-áætluninni á vettvangi Evrópusambandsins til að vinna að umfangsmiklu prufuverkefni (e. large scale pilot) um evrópskt stafrænt auðkenningarveski (EU Wallet), sjá nánar www.nobidconsortium.com. Notkunartilfellið (e. use case) sem unnið er með snýr að greiðslum milli landa í formi millifærslna milli bankareikninga í stað hefðbundinna kortafærslna.

Undir hatti stafrænnar nýsköpunar hefur nefndin enn fremur styrkt verkefni sem snúa annars vegar að kortlagningu hafsvæða í lögsögu Eystrasaltsins og Norðurlanda, auk verkefna sem snúa að netöryggi og gervigreind.

Aðgengi fyrir alla (e. digital inclusion) hefur verið mikið í umræðunni á Norðurlöndum. Samhliða jafnri og mikilli notkun almennings á stafrænni þjónustu kemur betur í ljós hvernig þau sem standa höllum fæti gagnvart tækni, hvort heldur það er af líkamlegum, fjárhagslegum, félagslegum eða andlegum ástæðum, eiga erfðara að nýta sér þá stafræna þjónustu sem er í boði. Öll lönd standa frammi fyrir þessari áskorun og leggja mikla áherslu á að hanna innviði sem auðvelda notkun og bæta aðgengi þessara hópa að stafrænni þjónustu, þó án þess að öryggi viðkomandi sé stefnt í hættu. Dæmi um slíka lausn er rafrænt umboðskerfi, sem tryggir rekjanleika í notkun og þar með öryggi þeirra sem umboðið hafa veitt. Sérfræðingahópur hittist í fyrsta skipti á fjarfundi í október 2022 og mun vinna náið saman í framhaldinu.

Ráðherranefndin hittist tvisvar á árinu, einu sinni á staðfundi. Daginn eftir ráðherrafundinn í september var ráðstefnan [Digital North](#) haldin í Ósló og var fjármálaráðherra með erindi á ráðstefnunni um sjálfbærni í fiskveiðum á Íslandi. Embættismannanefndin (HNG) hittist fjórum sinnum, þar af tvisvar á staðfundi. CBDS-nefndin hittist fjórum sinnum á fjarfundi.

Sérfræðingar í [Data Exchange / CBDS](#) hittust á fundi í Helsinki í október. Sérfræðingar í [5G Deployment/Nordic-Baltic Monitoring Tool](#) hittust á fundi í Riga í tengslum við 5G Techritory-ráðstefnuna.

Umhverfis- og loftslagsmál

Fundir norrænu umhverfis- og loftslagsráðherranna

Umhverfis- og loftslagsráðherrar Norðurlanda funduðu tvisvar á árinu 2022. Fyrri fundurinn var haldinn 3. maí í Ósló. Meðal meginefna fundarins var eftirfylgni og undirbúningur vegna aðildarríkjaþinga loftslagssamnings SP (COP26 og COP27). Sendu ráðherrarnir frá sér yfirlýsingu þar sem áhersla var lögð á metnað og aðgerðir í loftslagsmálum og yfirlýsingu um orkuskipti á hafi og losunarlausar siglingaleiðir. Þá samþykktu ráðherrarnir tillögu Íslands um að Norðurlöndin kortlegðu og deildu sín á milli reynslu og þekkingu á sviði endurnýjanlegrar orku, landbúnaðar og skógræktar. Ráðherrarnir ræddu einnig undirbúning fyrir COP15, aðildarríkjaþing samnings SP um líffræðilega fjölbreytni og samþykktu yfirlýsingu um samnorrænar áherslur vegna nýs samnings um líffræðilega fjölbreytni. Í yfirlýsingunni var m.a. áhersla lögð á mikilvægi náttúrulegra lausna sem gagnast bæði loftslagi og líffræðilegri fjölbreytni. Viðræður um nýjan alþjóðlegan samning gegn plastmengun voru einnig til umræðu en þjóðir heims samþykktu að ráðast í gerð hans á framhaldsfundi 5. umhverfisþings Sameinuðu þjóðanna fyrr á árinu. Ráðherrarnir ákváðu að senda framkvæmdastjóra Umhverfismálastofnunar SP (UNEP) sameiginlegt bréf þar sem undirstrikað var mikilvægi þess að samningurinn yrði metnaðarfullur en áður höfðu þeir þrýst á um slíkan samning í yfirlýsingu sem þeir samþykktu í Reykjavík 2019.

Seinni fundur norrænu umhverfis- og loftslagsráðherranna fór fram 2. nóvember í Helsinki í tengslum við þing Norðurlandaráðs þar sem Ísland kynnti m.a. áherslur sínar í umhverfis- og loftslagsmálum í komandi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Meðal viðfangsefna á fundinum var aðildarríkjaþing loftslagssamnings SP (COP 27) í desember og ræddu ráðherrarnir hvernig stuðla mætti að jákvæðri niðurstöðu þingsins. Einnig var undirbúningur fyrir COP15, aðildarríkjafund samnings SP um líffræðilega fjölbreytni til umræðu og samþykktu ráðherrarnir yfirlýsingu þar sem hvatt var til þess að alþjóðasamfélagið nýtti náttúrumiðaðar lausnir í ríkari mæli í framtíðinni. Þá var sérstök umræða um loftslag, orkumál, umhverfi og öryggi í ljósi ástandsins í Evrópu þar sem Ísland lagði áherslu á mikilvægi þess að huga að grænum áherslum við endurreisn Úkraínu og að haldið yrði áfram á braut hreinna orkuskipta.

Helstu verkefni

Vinnuhópar embættismannanefndarinnar um umhverfis- og loftslagsmál (EK-MK) gegna lykilhlutverki í samstarfi Norðurlanda um umhverfi og loftslag. Hóparnir eru sex talsins og starfa á sviði loftslagsmála, líffræðilegrar fjölbreytni, hringrásarhagkerfisins, efnamála hafs og stranda og umhverfis- og efnahagsmála, auk nokkurs fjölda sérhæfðari undirhópa. Megináherslan í starfi þeirra 2022 var framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar – að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims 2030. Starf vinnuhópanna nýttist einkar vel hér á landi, m.a. við framkvæmd EES-samningsins, alþjóðlegt samstarf og við ýmis bein verkefni sem stofnanir sinna.

Meðal viðfangsefna umhverfis- og loftslagsgeirans á árinu 2022 eru fjölmörg verkefni sem varða loftslagsmál og kolefnishlutlaus Norðurlönd, m.a. til að styðja við alþjóðastarf og eftirfylgni Parísarsamningsins. Þau varða t.a.m. fjármögnun loftslagsaðgerða á alþjóðavísu, jafnrétti og loftslag og hvernig Norðurlönd geta breytt regluverki til að ýta undir föngun og geymslu koldíoxíðs (e. Carbon Capture and Storage, CCS) svo fátt eitt sé nefnt. Þá má nefna að vinnuhópurinn um loftslag vann ráðgjafastarf á síðasta ári fyrir stóra ráðstefnu um aðlögun að loftslagsmálum sem haldin verður í Reykjavík í apríl 2023, auk þess sem skýrsla sem unnin var á árinu 2022 og ætlað er að styðja við stefnumörkun í aðlögunarmálum á Norðurlöndum verður kynnt á ráðstefnunni. Einnig hafa verið áberandi verkefni sem stuðla að hröðun rafvæðingar vegasamgangna á Norðurlöndum, sjálfbærum vöruflutningum og grænum siglingaleiðum o.fl.

Þá hefur verið unnið að verkefnum sem lúta að náttúrumiðuðum lausnum; samlegðaráhrifum aðgerða á sviði líffræðilegrar fjölbreytni og loftslags og að virkja ungmenni í baráttunni gegn hnignun lífbreytileika. Hringrásarhagkerfið hefur einnig verið ofarlega á baugi og má þar nefna verkefni um m.a. framleiðendaábyrgð og vistvæn innkaup hins opinbera og stóra ráðstefnu og kynningarefni um hringrásarhagkerfið. Hafid og nýttjar þess hafa einnig verið í forgrunni og þar hafa verkefni verið unnin um áhrif loftslagsbreytinga á þessa mikilvægu auðlind, einnig verkefni um umhverfisáhrif starfsemi á hafi úti að ógleymdum verkefnum sem lúta að súrnun sjávar. Mikið starf var einnig unnið á sviði efnamála, t.a.m. var markvisst unnið að því að skipta hættulegum efnum í vörum út fyrir hættuminni efni og að koma í veg fyrir að hormónatruflandi efni séu notuð í neytendavörum. Loks má nefna að Norðurlöndin hafa tekið sér stöðu í fararbroddi metnaðarfullra ríkja í samningsviðræðum um nýjan alþjóðlegan samning gegn plastmengun.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) fjármagnar verkefni sem hafa jákvæð áhrif á umhverfi og loftslag. Tvennt bar hæst í starfsemi NEFCO á árinu 2022. Annars vegar innrás Rússlands í Úkraínu sem hefur mikil áhrif á

verkefnin sem þar er unnið að. Hins vegar mikil gróska í starfi norræna fyrirtækja sem leita til NEFCO um fjármögnun í því skyni að markaðssetja norrænar umhverfislausnir utan heimalandsins. Á árinu ákvað stjórn NEFCO að stofna endurreisnarsjóð fyrir Úkraínu (e. Green Recovery Fund for Ukraine) í því skyni að hefja uppbyggingu og endurreisn svo fljótt sem verða má. Stofnun sjóðsins hefur fengið afar góðar undirtektir en hann verður fjármagnaður með framlögum, m.a. frá ríkisstjórnun, Evrópusambandinu og fjármálastofnunum. NEFCO hefur umsýslu með sjóðnum og munu allar ákvarðanir um verkefni byggjast á viðmiðum NEFCO um sjálfbærni og jákvæð umhverfisáhrif.

Íslensk fyrirtæki leita í síauknum mæli til NEFCO og er það til marks um mikinn áhuga og þróun í umhverfislausnum hér á landi. Sem dæmi um áhugaverð íslensk verkefni má nefna vistvænan og endurnýtanlegan toghlera sem fyrirtækið Polar Fishing Gear framleiðir. Þá hefur hjólaleigan Hopp nýlega fengið lán frá NEFCO til að færa út starfsemi sína einkum til svæða þar sem rafhlaupahjól geta verið góð viðbót við almenningssamgöngur. Nánari upplýsingar um starfsemi NEFCO og einstök verkefni má sjá á slóðinni: www.nefco.int.

Menntamál og rannsóknir

Menntamál og rannsóknir

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) fjallaði á árinu ítarlega um stefnumótun á sínu verkswiði og úrlausnir afmarkaðra norrænna verkefna, auk þess sem ráðherrarnir miðluðu upplýsingum og skiptust á skoðunum um mikilvæg mál sem eru efst á baugi í löndunum. Stríðið í Úkraínu litaði umfjöllun nefndarinnar og viðfangsefni. Meginviðfangsefni á fundi ráðherranna var umræða um akademískt málfrelsi og traust til rannsókna og umræða um hlutverk menntunar í að jafna samfélagsstöðu barna og ungmenna. Auk þess var haldinn sérstakur fundur ráðherra sem fara með skólamál um menntun barna á flóttu frá Úkraínu daginn fyrir ráðherrafundinn. Settur var á stofn sérstakur vinnuhópur um málefni leikskóla sem falið var að gera hagræna greiningu á leikskólastiginu.

Embættismannanefndin vann einnig á árinu tillögur að forgangsroðun verkefna og breyttri kostnaðaráætlun í ljósi niðurskurðarkrafna frá samstarfsráðherrum Norðurlanda (MR-SAM). Ákveðið var að standa vörð um fjárveitingar til NordForsk og Nordplus eins og kostur væri.

Sjálfbær Norðurlönd – afleiðingar COVID-19-faraldurs

Til að styðja við markmiðið um samfélagslega sjálfbær Norðurlönd var fjárveitingum úthlutað til sex rannsóknaverkefna um lærdóm sem draga mætti af COVID-19-faraldrinum með það að leiðarljósi að Norðurlöndin ynnu betur saman að lausnum þegar og ef til slíks ástands kæmi aftur. Verkefnið styður við markmið níu og sex í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar.

Endurskoðun tungumálafirlýsingarinnar

Starfshópur embættismannanefndarinnar um menntamál og rannsóknir hefur í samstarfi við embættismannanefndina um menningarmál unnið að endurskoðun tungumálafirlýsingarinnar. Drög að endurskoðaðri tungumálafirlýsingu liggur fyrir og er samráðsferli um hana hafið.

Starfshópurinn skilaði að ósk EK-U tillögum að hagræðingu í tungumálasamstarfinu vegna niðurskurðar í fjárhagsramma MR-U á komandi árum.

Samstarf við Rússland og stuðningur við úkraínska háskólanema á flóttu

Samstarf við Rússland á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar var fryst á árinu vegna innrásar Rússlands í Úkraínu. Ákveðið var að veita fé sem hefur farið í mennta- og rannsóknarsamstarf til sértækra verkefna á vegum NordForsk.

Þá var NordPlus falið að úthluta fé sem ekki hafði nýst vegna heimsfaraldurs til að styðja við úkraínska skiptinema í aðildarlöndunum.

Tungumálasamstarfið

Vegna niðurskurðar á fjármagni MR-U var ákveðið að hætta fjármögnun Perlesprágkurserne og Nordsprák en tryggja áframhaldandi fjármögnun fyrir Sprákpiloterna sem halda námskeið fyrir grunn- og framhaldsskólakennara og Nordkurs sem halda námskeið fyrir nema í kennaramenntun auk kennara við grunn- og framhaldsskóla. Nordkurs var auk þess falið að koma á tengslaneti fyrir þá sem hafa setið námskeið þeirra. Einnig var ákveðið að fjármagna áfram norræn tengslanet um tungumál og táknaál.

Ákveðið var að fjármagna rannsókn á kennslu í tungumálum Norðurlanda í grunnskólum í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Menntavísindasvið Háskóla Íslands mun stýra verkefninu.

Öruggir stafrænir innviðir fyrir heilsufarsgögn

Unnið hefur verið að framtíðarsýn um örugga norræna stafræna innviði fyrir heilsufarsgögn, „The Nordic Commons“, og stýrihópur settur á laggirnar til að vinna að úrlausn hindrana sem standa í vegi fyrir samnotkun norræna gagnagrunna og skipuleggja framkvæmd og fjármögnun verkefnisins. Hindranirnar eru flestar á málefna sviðum annarra ráðherranefnda innan norræna samstarfsins.

Starfsemi og starfsáætlun Nordplus

Úttekt á starfsemi Nordplus sem gerð var árið 2021 leiddi í ljós að Nordplus stuðlar að gæðum og nýsköpun í menntun á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum og uppfyllir vel þarfir og óskir hinna ýmsu notendahópa. Af þessum sökum eru ekki lagðar til skipulagsbreytingar á Nordplus. Hins vegar eru lagðar til nokkrar lagfæringar í starfsáætluninni með það að markmiði að styrkja Nordplus-áætlunina sem lið í vinnunni að heildarmarkmiðum norræns samstarfs. Hefur embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir samþykkt breytta starfsáætlun Nordplus sem tekur mið af þeirri tillögu.

NVL – Norræna tengslanetið um nám fullorðinna

NVL hefur lagt fram áætlun um að endurskipuleggja starfsemi sína til að takast á við niðurskurð sem kominn er til vegna niðurskurðar á fjármagni til MR-U. Gert er ráð fyrir svipaðri uppbyggingu og hingað til út árið 2024 að teknu tilliti til niðurskurðar á næstu tveimur árum.

Samþykkt hefur verið að færeyska stofnunin *Undirvísingastýrið* í Færeyjum fái aðild að norræna tengslanetinu um nám fullorðinna.

NordForsk-úttekt og Færeyjar í stjórn

Á árinu fór fram úttekt á starfsemi NordForsk. Í skýrslu úttektarnefndar kom fram að NordForsk styður framúrskarandi norrænt rannsóknarstarf, sem skilar ávinningi, bæði á norrænum vettvangi og til landanna sjálfra. Tímabundinn vinnuhópur var settur á laggirnar undir EK-U til að vinna úr ábendingum úttektarinnar og mögulegar breytingar á samningum og stjórnargögnum NordForsk.

Á árinu var samþykkt að Færeyjar tækju sæti í stjórn NordForsk, en hingað til hefur fulltrúi þeirra verið áheyrnarfulltrúi í stjórninni. Breytingarnar á stjórn NordForsk tóku gildi 1. janúar 2023.

Almenn þátttaka í samstarfinu

Auk þeirra stefnumótandi umræðna og ákvarðana um eftirfylgni sem ráðherrarnir hafa tekið á árinu og nefnd eru hér að framan hefur þátttaka Íslands í norrænu samstarfi á sviði menntamála og rannsókna, í verkefnum, vinnuhópum og ráðstefnum, verið mjög umfangsmikil. Styrkveitingar til Íslendinga og íslenskra verkefna úr sjóðunum á vegum Nordplus og NordForsk hafa numið mun hærri upphæðum en nemur framlögum Íslands í þá sjóði, eins og hefur reyndar verið til margra ára.

Menningarmál

Norræna ráðherranefndin um menningarmál hélt að venju tvo fundi, þann fyrri í Ósló 4. maí og þann síðari 1. nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki. Á báðum fundunum fóru fram ítarlegar umræður ráðherranna og ákvarðanir voru teknar um stefnumótun á verksviði nefndarinnar.

Skilyrði fyrir listrænu frelsi skipta sköpum fyrir lýðræðissamfélög. Norðurlönd eru leiðandi svæði og verða því að taka þetta málefni upp á alþjóðlegum vettvangi á tímum þegar þrengt er að slíkum gildum. Þessi boðskapur norrænu menningarmálaráðherranna var í brennidepli á fyrri fundi ársins hjá ráðherranefnd um menningarmál. Umræður ráðherranna um skilyrði til listræns frelsis byggðust á nýbirtri skýrslu sem ber heitið „Konstens och kulturens frihet i Norden.“ Rætt var um þrjú mikilvæg atriði, sem eru meginreglan um armslengdarfjarlægð, listrænt frelsi og verkfærahyggja, þ.e. þegar listir eru notaðar sem leið að tilteknum samfélagslegum markmiðum. Áhrif tæknirísanna á þróun fréttamiðla á Norðurlöndum og almennt séð í tengslum við lýðræðislega umræðu var svo í brennidepli á seinni fundi ráðherranefndar um menningarmál.

Ráðherrar menningarmála eru sammála um að það skýtur skökku við að framlög til ráðherranefndar um menningarmál hafi lækkað svo harkalega sem raun ber vitni, sérstaklega í ljósi þess að grunnhugmyndafræði um norrænt samstarf byggir á menningarsamstarfi. Fjárveitingar til norrænna menningarmála renna fyrst og fremst til reksturs sameiginlegra menningarstofnana, menningaráætlana og sjóða og eru án efa sá hluti af starfi Norrænu ráðherranefndarinnar sem er sýnilegastur almenningi og snertir marga einstaklinga beint með styrkveitingum og menningarviðburðum.

Að mati menningarráðherranna er nauðsynlegt að endurskoða þetta við mótun samstarfs Norðurlanda á komandi árum. Að mati þeirra er samstaða og samvinna hér lykilatriði, en menningin hefur verið undirstaða norrænnar samvinnu. Norrænt menningarsamstarf myndar sterka heild en listir og menning eru hornsteinn þess sem tengir norrænu ríkin saman. Menningarsamstarfið hefur mikil áhrif á umheiminn og endurspeglar þann grunn sameiginlegra gilda sem norrænu ríkin standa á.

Menningarmálaráðherrar á Norðurlöndum kalla eftir verndun úkraínsks menningararfs

Menningarmálaráðherrar Norðurlanda sendu frá sér sameiginlegar yfirlýsingar þar sem þeir fordæmdu innrásarstríðið og brot Rússlands gegn fullveldi Úkraínu. Menningarmálaráðherrar Norðurlanda hvöttu til verndar menningararfs í samræmi við samning UNESCO frá 1954 um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum (Haag-samningurinn) og tvær bókanir við hann og styðja yfirlýsingu UNESCO um vernd menningararfs. Sömuleiðis undirstrikuðu menningarmálaráðherrar Norðurlanda mikilvægi þess að staðið verði við skuldbindingarnar í samningi UNESCO frá 1970 um leiðir til að banna og hindra ólögmætan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum og hvetja söfn á Norðurlöndum til að styðja við regluverk ICOM um söfn til að komast hjá ólöglegri verslun með menningarverðmæti.

Norræna húsið í Reykjavík

Í byrjun árs 2022 óskaði skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn eftir skoðun á framtíðarfyrirkomulagi Norræna hússins á Íslandi, þar á meðal aukinni aðkomu íslenska ríkisins að rekstri og/eða eignarhaldi hússins. Skipaður var starfshópur með fulltrúum frá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn, forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, menningar- og viðskiptaráðuneytis og utanríkisráðuneytis f.h. samstarfsráðherra Norðurlanda til að vinna nánar að málinu. Stendur sú vinna enn yfir.

Félags- og heilbrigðismál

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Hinn árlegi reglubundni fundur ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) var haldinn 24.–25. mars í Stavangri í Noregi. Þema fundarins á félagssviðinu var um árangursríkar aðgerðir til að inngilda jaðarsett ungmenni í skólakerfið, atvinnulífið og samfélagið út frá skýrslu sem fjármögnuð var á norrænum vettvangi. Inngilding jaðarsettra ungmenna er í miklum forgangi á Norðurlöndum. Þrátt fyrir ýmis margra ára verkefni eru enn of mörg þeirra jaðarsett í dag. Í skýrslunni var skoðað hvaða aðferðir og úrræði skila árangri út frá norrænum rannsóknum.

Þema fundarins á heilbrigðissviðinu var um viðbúnað í heilbrigðismálum (n. helseberedskap). Á fundinum undirrituðu heilbrigðisráðherrar landanna samnorræna ráðherryfirlýsingu um aukinn norrænan viðbúnað í heilbrigðismálum.

Auk norrænu embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (EK-S) starfa fjölmargir starfshópar og ráð í umboði ráðherranefndarinnar. Embættismannanefndin hélt þrjá fundi á árinu 2022: Fjarfund 2.-3. febrúar, fund í Svoldar í Noregi 1. júní og í Brussel 5.-6. október.

Markvisst norrænt samstarf um félags- og heilbrigðismál

Skýrsla Árna Páls Árnasonar frá árinu 2018 sem ber heitið: „Þekking sem nýtist – tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála“ er leiðarljós norræns samstarfs á sviði félagsmála. Skýrslan er stefnumótandi úttekt á norrænu samstarfi á félagssviðinu og eru í henni 14 tillögur. Ríflega helmingur þeirra hefur verið innleiddur, s.s. félagslegar aðgerðir með áherslu á notandann, um börn og ungmenni í áhættuhópum, fullorðna í áhættuhópum, strjálbýl svæði, endurskoðun stofnana norræns félagsmálasamstarfs (NVC og NOMESKO-NOSOSKO), aukin áhersla á félagslegar aðgerðir byggðar á þekkingu og aukið samstarf við einkageirann. Þá hefur einnig verið ákveðið að setja á laggirnar nýjan samstarfsvettvang fyrir félagasamtök sem starfa á vettvangi félagsmála til að auka samráð við borgarasamfélagið.

Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndum var formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2019 og stóð til ársloka 2022. Embætti landlæknis leiddi verkefnið fyrir hönd Íslands en það fjallaði um geðheilsu og vellíðan

barna á fyrstu árum lífsins. Verkefnið tengist þannig heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með margvíslegum hætti, svo sem markmiði þrjú um heilsu og vellíðan, markmiði fjögur um menntun fyrir alla, markmiði átta um góða atvinnu og hagvöxt og markmiði 10 um aukinn jöfnuð. Í upphafi verkefnisins var stýrihópur myndaður með fulltrúum Íslands, Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands, sem vann náið saman á meðan á verkefninu stóð. Árið 2020 kom út fyrsta skýrsla verkefnisins, stöðugreining innan Norðurlanda hvað varðar stuðning við geðheilsu og vellíðan barna í meðgönguvernd, ung- og smábarnavernd, leikskólum og dagvistun. Árið 2021 kom önnur skýrslan út þar sem farið var yfir rannsóknargrunn þeirra úrræða og mælitækja sem nýtt eru á Norðurlöndum í þjónustu við börn og foreldra á meðgöngu og fyrstu æviárunum. Þriðja og síðasta skýrslan var gefin út árið 2022 með stefnumótunartillögum til Norðurlanda um hvernig megi hlúa betur að velferð og vellíðan barna og foreldra á fyrstu árum lífsins. Í júní 2022 var lokaráðstefna verkefnisins haldin í Hörpu í Reykjavík þar sem um 300 manns tóku þátt á staðnum og svipaður fjöldi frá öllum heimshornum fylgdist með í streymi. Verkefnið hefur þar með lokið öðrum skilgreindum markmiðum sínum en allt efni verkefnisins, útgefnar skýrslur, upptaka af lokaráðstefnu og erindi fyrirlesara verður áfram aðgengilegt á vefsíðunni: www.first1000days.is. Til umræðu er að stofna norrænan samstarfshóp á næsta ári til að deila áfram norrænni þekkingu sem tengist verkefninu.

Norrænt samstarf á sviði heilbrigðismála hefur undanfarin ár mótast af sameiginlegum áherslumálum og framtíðarsýn í norrænu samstarfi sem sett var fram í skýrslu Bo Könberg frá árinu 2014. Tillögur skýrslunnar hafa að mestu náð fram að ganga og því verið ákveðið að fara í stöðuúttekt á innleiðingu þeirra. Frá innreið heimsfaraldursins COVID-19 hefur samstarfið á heilbrigðisviði skipt um takt en það litadist í fyrstu af viðbrögðum við heimsfaraldrinum. Áherslan hefur nú færst yfir á að efla og auka heilbrigðisviðbúnað.

Tveir starfshópar eru starfræktir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um aðgerðir gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis með „einnar heilsu“ nálgun (e. Nordic One Health AMR Strategy Group and Expert Group). Með einni heilsu er átt við þverfaglega nálgun sem spannar menn, dýr/matvæli og umhverfi. Markmið hópanna er að styrkja samvinnu norrænna þjóða og þátttöku þeirra í alþjóðlegu starfi gegn sýklalyfjaónæmi, auk þess að miðla reynslu og aðferðum milli landa. Stefnumótunarhópurinn hefur það hlutverk að tengja saman fræðasamfélög og stjórnvöld á Norðurlöndum og viðhalda athygli stjórn mála á sýklalyfjaónæmi. Stefnumótunarhópurinn leggur fram tillögur um verkefni fyrir sérfræðingahópinum og styður við samstarfsverkefni á sviði sýklalyfjaónæmis. Sérfræðingahópurinn ræðir mál sem beint er til hans af stefnumótunarhópi, greinir hvaða vandamál og aðgerðir eru brýnust á sviði sýklalyfjaónæmis hverju sinni og bendir stefnumótunarhópi á nýja þekkingu og aðferðir á þessu sviði.

Helstu viðburðir ársins 2022:

- Eftirlit með sýklalyfjaónæmi í umhverfi, upphafsfundur 18. mars 2022. Finnland skipulagði fund til að fylgja eftir tillögu sérfræðingahóps frá 2021 um verkefni tengt sýklalyfjaónæmi í umhverfi. Tilgangurinn var að ákveða hvaða land/stofnun myndi leiða verkefnið og vinnu við verkefnislýsingu/styrkumsókn. Þar sem ekkert land eða stofnun bauð sig fram til forystu er þetta verkefni í biðstöðu. Hins vegar er sýklalyfjaónæmi í umhverfi einn af verkþáttum JAMRAI-2 Evrópuverkefnisins sem er í undirbúningi og öll norrænu löndin taka þátt í.
- Ársfundur 23.-24. nóvember 2022 í Ósló: Sameiginlegur ársfundur norrænu stefnumótunar- og sérfræðingahópanna var haldinn sem blandaður stað- og fjarfundur. Síðustu ár hefur athyglin helst beinst að sýklalyfjum (bakteríulyfjum) en nú er talin þörf á að útvíkka verkefnið svo það nái einnig til sveppalyfja auk ýmissa efna sem notuð eru í landbúnaði (e. ionophores). Auk þess er skortur á mikilvægum sýklalyfjum á markaði fyrir menn og dýr vaxandi áhyggjuefni. Niðurstaða fundarins var að halda áfram vinnu við ofantalin verkefni.

Samstarf á norrænum lýðheilsuvettvangi hefur staðið yfir frá árinu 2016 en þar er m.a. rætt um árangursríkar aðgerðir til að stuðla að heilsufarslegum jöfnuði á Norðurlöndum. Haldnir voru tveir fjarfundir á árinu þar sem rædd var forgangsröðun lýðheilsuáðgerða í hverju landi fyrir sig og hvaða gögn og greiningar liggja að baki þeirri forgangsröðun.

Norrænn vinnuhópur um geðheilsu (e. Nordic Working Group on Mental Health) hefur starfað á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar frá 2016. Tilgangur hópsins er að byggja upp norrænt tengslanet, móta umgjörð um norrænt samstarf á sviði geðheilbrigðis og vera vettvangur fyrir umræður, upplýsingagjöf og deilingu þekkingar. Á árinu var eingöngu fundað rafrænt eins og árið á undan vegna COVID-19-faraldursins. Áherslan var á geðheilsu barna og ungmenna. Ísland stóð fyrir erindi um eflingu geðheilsu í skólum á rafrænni málstofu í desember.

Norrænt samstarfsverkefni um andlega vanlíðan ungmenna (e. Nordic Network on mental well-being among young people in the Nordic countries and autonomous territories) er formennskuverkefni Danmerkur í Norrænu ráðherranefndinni. Það var sett á fót árið 2020 og stendur í þrjú ár. Verkefnið felst í að taka saman upplýsingar um áhrifaþætti aukinnar andlegrar vanlíðanar hjá börnum og ungu fólki á Norðurlöndum og sjálfsstjórnsræðum.

Embætti landlæknis tók þátt í þessu verkefni fyrir Íslands hönd og sátu í hópnum tveir starfsmenn embættisins. Tvær skýrslur byggðar á gagnasöfnun og samstarfi hópsins voru gefnar út árið 2022. Efni skýrslanna eru áhrifaþættir líðanar ungmenna á Norðurlöndunum og samvinna og úrræði heilbrigðiskerfis og félagsþjónustu á Norðurlöndum sem snýr að því að draga úr vanlíðan ungmenna. Á vegum verkefnisins voru einnig haldnar tvær rafrænar málstofur. Efni fyrri málstofunnar var netnotkun og tengsl við líðan ungmenna og í þeirri síðari var fjallað um geðrækt í skólum þar sem haldið var erindi fyrir hönd Íslands.

Skýrsla um sjálfsvígisforvarnir á Norðurlöndum “*Report on suicide prevention in Nordic countries*” á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar er í vinnslu. Löndin leggja öll til efni í skýrsluna en verkefnastjórn og samantekt efnis er í höndum [DRISP](#) í Danmörku. Ráðgjafi embættis landlæknis í sjálfsvígisforvörnum tók saman efni fyrir Íslands hönd. Vinnan við skýrsluna hófst árið 2022 og eru áætluð verklok á árinu 2023.

Ísland var í forystu um að ræða stjórnsýsluhindrun sem lýtur að upptöku rafrænna fylgiseðla með lyfjum, á fundi í embættismannanefndinni í Brussel í október. Þar gafst færi á að ræða milliliðalaust um hindrunina við fulltrúa ESB sem vinnur að endurskoðun lyfjatilskipunarinnar.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM) er rannsókn- og þekkingarsetur staðsett í Ósló. NIOM vinnur að stöðlun og prófunum, fylgist með gæðum og öryggi lífefna á norrænum markaði og miðlar upplýsingum til heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstarfsfólks og almennings. Fulltrúi Íslands situr í stjórn stofnunarinnar ásamt fulltrúum frá hverju norrænu landanna. NIOM fagnaði hálfra aldar afmæli sínu í maí 2022 með ráðstefnu þar sem fyrirlesarar frá öllum norrænu löndunum, þar á meðal Íslandi, fluttu erindi.

Norrænt samstarf um almannatryggingar

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar fylgist með sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar er gilda milli Norðurlanda, þ.m.t. Norðurlandasamningnum um almannatryggingar og framkvæmd þeirra og metur þörf á breytingum á samningnum. Hópurinn fjallar um sameiginleg mál á sviði almannatrygginga, sérstaklega möguleika á norrænu samstarfi varðandi almannatryggingareglugerðir ESB um samhæfingu almannatryggingakerfa sem er hluti EES-samningsins.

Einn fundur var haldinn í október 2022. Þess utan átta meðlimir í óformlegum samskiptum sín á milli um ýmis mál á árinu. Á októberfundinum var m.a. fjallað um uppfærslu viðauka með Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Ákveðið var að halda sérstakan fund á vettvangi hópsins til að ræða uppfærsluna og þörf fyrir breytingar á framkvæmdasamningnum. Staða þeirra sem flutt hafa frá Úkraínu til Norðurlandanna var til umræðu. Ríkin upplýstu um rétt til greiðslna í ríkjunum, tölfraði o.fl. Þá var á dagskrá fjarvinna (telework). Fjölgun varð í hópi þeirra sem óskuðu eftir samningi um að sinna fjarvinnu í öðru ríki meðan á COVID-19-faraldrinum stóð og eftir að honum lauk. Fram kom að vinna fari nú fram á vegum framkvæmdaráðs ESB um almannatryggingar í því skyni að auðvelda fjarvinnu milli ríkjanna við eðlilegar aðstæður. Áfram var fjallað um sænska lágmarkslífeyrinn (garantipensjon). Af hálfu Svíþjóðar kom fram að ákveðið hefði verið að fallast á að þessar greiðslur væru skilgreindar sem greiðslur er falli undir 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (almannatryggingareglugerðin). Greiðsla lágmarkslífeyrisins úr landi mundi því stöðvast um næstu áramót. Sænska stofnunin hefði þegar upplýst greiðsluþega um þessa breytingu. Upplýst var um fjölda þeirra lífeyrisþega sem málið varðaði og sem búsettir væru í hinum norrænu ríkjunum. Af hálfu Noregs var skýrt frá samskiptum við Eftirlitsstofnun EFTA um norskan lágmarkslífeyri (minstepensjon). Ríkin munu halda hvert öðru upplýstu um þróun og stöðu mála. Noregur skýrði frá norrænum samningi frá 1973 um lífeyriskerfi opinberra starfsmanna en nýr samningur tók við af honum 2002. Lífeyriskerfi opinberra starfsmanna á Norðurlöndum, að Svíþjóð undanskilinni, falla aftur á móti undir gildissvið almannatryggingareglugerðarinnar og því leiki vafi á því hvort þörf sé fyrir samninginn. Noregur mun skoða málið áfram. Ríkin skiptust á upplýsingum um nýlegar breytingar á innlendri löggjöf. M.a. upplýsti Noregur um breytingar á lögum um almannatryggingar (folketrygdloven) og fleiri lögum í því skyni að gera tengsl og áhrif þjóðréttarlegra skuldbindinga á almannatryggingar sýnilegri þannig að almenningur verði betur upplýstur um það. Rætt var um áskoranir við framkvæmd 87. gr. framkvæmdareglugerðar með almannatryggingareglugerðinni um öflun læknisfræðilegra gagna í tengslum við mat á rétti til tímabundinna greiðslna vegna veikinda. Þá var fjallað um niðurstöðu EFTA-dómstólsins í máli E-5/21 er varðar greiðslur fæðingar- og foreldraorlofs skv. íslenskum lögum. Rætt var um hvort niðurstaðan hafi þýðingu fyrir samsvarandi greiðslur í hinum norrænu ríkjunum.

Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) annast skrifstofuhald fyrir norræna fötlunarráðið og ber ábyrgð á framkvæmd og útfærslu áætlana á vegum ráðsins. Starfsemi ráðsins á árinu snerist að miklu leyti um þá atburði sem gerðust í Úkraínu, COVID-19-faraldurinn og loftslagsmál.

Árið 2022 markaði einnig lok norrænnar framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2018 til 2022. Jafnframt var mótuð og samþykkt ný áætlun um samstarf á sviði þjónustu við fatlað fólk til næstu fimm ára. Gert var mat á framvindu áætlunarinnar og staðfestir það að mikill ávinningur er af samstarfinu. Fram kemur í matinu að þau verkefni sem unnið var að stuðli að því að framtíðarsýn um að Norðurlöndin verði félagslega sjálfbær, aðgengileg öllum og inngildandi, verði að veruleika.

Nýja áætlunin er til næstu fimm ára og leggur áherslu á að raungera framtíðarsýn Norðurlanda til ársins 2030. Þar er sérstaklega horft til mannréttinda, þátttöku og frjálsrar farar. Jafnframt mun hin norræna samvinna beina athygli að stöðu ungs fólks, aðgerða til að auka aðgengi að vinnumarkaðnum og reynslumiðlun á hinu stafræna sviði.

Alþjóðleg áföll eins og COVID-19-faraldurinn og stríðið í Úkraínu mótuðu umræðuna í ráðinu á árinu 2022. Áföll síðustu ára hafa sýnt fram á að fatlað fólk er oft skilið eftir á ögurstundu þegar þörf er á aðstoð og upplýsingum. Norræna fötlunarráðið hefur í samþykktum sínum hvatt stjórnvöld Norðurlanda til að taka meira tillit til fatlaðs fólks þegar áföll verða.

Á árinu stóð ráðið fyrir ráðstefnu um list og menningu fyrir alla. Verkefnið var að skoða hvernig Norðurlöndum gengur að laga menningarlíf að fötludu fólki og hvort það geti nýtt sér þá möguleika sem þar er boðið upp á. Ráðstefnan var haldin í Svíþjóð, í Þjóðminjasafninu og Nútímalistasafninu í Stokkhólmi. Þar tóku þátt fulltrúar norrænna stofnana, stjórnvalda og menningarstofnana.

Norðurlönd létu til sín taka á alþjóðasviðinu í júní á fundi Sameinuðu þjóðanna í New York þar sem löndin stóðu fyrir hliðarviðburði á árlegum fundi um stöðu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þemað var að rýna hvernig fatlað fólk með frumbyggjabakgrunn getur tekið þátt í umræðu um umhverfis- og loftslagsmál. Fulltrúar á þingum Sama í Finnlandi og Noregi tóku þátt í viðburðinum ásamt fulltrúum danskra og norskra stjórnvalda.

Samningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu

Nefnd um endurskoðun norræna samningsins um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu hefur farið yfir tengsl samningsins við regluverk Evrópusambandsins, einkum hvað varðar mögulega mismunun á grundvelli þjóðernis. Tillögur að breytingum á samningnum voru á sínum tíma sendar embættismannanefndinni sem fékk lögfræðilega álitserð um þær síðla árs 2022. Til stendur að fjalla um þá álitserð á komandi ári.

Norræna velferðarmiðstöðin

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) sinnir norrænum samstarfsverkefnum á sviði félags- og heilbrigðismála. Meginmarkmiðið er að stuðla að þróunarstarfi í löndunum með því að styðja við miðlun þekkingar og reynslu milli landanna og skapa nýja norræna þekkingu. Norræna velferðarmiðstöðin vinnur að eftirfarandi almennum starfssviðum: Börn og ungmenni, lýðheilsa, fötlun, velferðartækni, aldraðir og aðlögun. Á árinu lagði Norræna velferðarmiðstöðin sérstaka áherslu á að skoða áhrif heimsfaraldursins á viðkvæma hópa á borð við börn og unginga, aldraða, fólk með fötlun, innflytjendur og flóttafólk. Þá var haldið áfram að vinna að miðlun þekkingar og reynslu á sviðum á borð við heilabilun, velferðartækni og áfengis- og fíkniefnavanda. Frekari upplýsingar um starfsemina má nálgast á eftirfarandi vefslóð: <https://nordicwelfare.org/>.

Norrænt samstarf um heilbrigðisviðbúnað (Svalbarðahópur)

Fundir hópsins voru tíðir meðal annars vegna COVID-19-faraldursins. Lögð var áhersla á virka upplýsingamiðlun með það að markmiði að læra hvert af öðru og kanna hvort þörf var á aðstoð. Norræni samningurinn um gagnkvæma aðstoð vegna brunasjúklinga var virkjaður fimm sinnum á árinu. Einnig var hafin vinna á endurskoðun á stefnu og starfsáætlun Svalbarðahópsins. Innleiðing og endurbætur á sameiginlegri innri og ytri vefsíðu lauk á árinu 2022. Árleg ráðstefna hópsins um viðbúnað og viðbrögð var haldin í Ósló 7.-8. desember og var áhersla lögð á heilbrigðisviðbúnað á Norðurlöndum, stríðið í Úkraínu, norrænt samstarf og samstarf við Evrópulönd. Skilgreind var gagnagátt fyrir „Nordic Situation Awareness“ og þróuð vefsíða til að deila upplýsingum um stöðu mála milli Norðurlanda, sem verður unnið áfram með árið 2023. Tíð samskipti voru einnig áfram vegna COVID-19-faraldursins á milli sóttvarnalækna Norðurlandanna m.a. til að deila faraldsfræðilegum upplýsingum um faraldurinn og til að efla samvinnu vegna bólusetninga.

Norrænt samstarf um starfsréttindi heilbrigðisstétta

Norrænn starfshópur um starfsréttindi heilbrigðisstétta (NGH) hélt tvo fundi í Ósló á árinu. Á fyrri fundinum í maí var ákveðið að Norðurlönd myndu hjálpast að við að uppfæra handbók um löggiltar heilbrigðisstéttir á Norðurlöndum sem hefur ekki verið uppfærð síðan 2016. Fram kom að umsækjendur geta nú fengið lækningaleyfi í Noregi eftir að hafa klárað grunnám (6 ár) í læknisfræði í Danmörku án þess að ljúka þar kandidategátt (KBU). Noregur og Svíþjóð upplýstu að ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði fyrir sjálfkrafa viðurkenningu á menntun og hæfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB þá fer meðferð umsóknar samkvæmt landslögum og nám borið saman við námið sem krafist er í umsóknarlandi. Ísland og Noregur upplýstu að enn væri verið að undirbúa notkun Evrópska fagskírteinisins (e. European Professional Card). Finnland svaraði spurningu Íslands um hvernig umsóknarferli um starfsleyfi fyrir útlendinga er í tveimur þrepum í Finnlandi. Fyrst er fagleg menntun og hæfi umsækjanda staðfest, án þess þó að starfsleyfi sé veitt. Þá er þess krafist að umsækjandi uppfylli skilyrði um tungumálakunnáttu og starfsleyfi veitt þegar sú krafa er uppfyllt. Þá var rætt um samþykkt marklýsinga fyrir sérnám lækna að beiðni Íslands. Noregur notar eina marklýsingu fyrir hverja sérgrein, óháð staðsetningu kennslunnar. Svíþjóð segir yfirvöld þar ekki staðfesta marklýsingar og leyfi séu veitt ef skilyrði reglugerðar séu uppfyllt. Í Danmörku búa sérgreinafélögin til marklýsingarnar og Socialstyrelsen samþykkir þær. Í Finnlandi eru háskólarnir ábyrgir fyrir sérnámi lækna. Á Íslandi hefur mats- og hæfnisnefnd um sérnám lækna það hlutverk að viðurkenna kennslustaði fyrir sérnám lækna ásamt því að samþykkja marklýsingar sérgreina. Ísland spurði einnig um beitingu uppbótarráðstafana samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB. Noregur, Finnland, Danmörk og Svíþjóð bjóða upp á aðlögunartíma. Svíþjóð býður einnig upp á hæfnispróf. Á síðari fundinum í nóvember var m.a. rætt um breytingar á lögum um heilbrigðisstarfsmenn í Noregi. Ísland spurði Noreg um meðferð umsókna um sérfræðileysi í læknisfræði frá sérnámslæknum sem hefðu hafið sérnám sitt á Íslandi en lokið því í Noregi og uppfylltu því ekki kröfu um að hafa lokið kandidategáttinu í Noregi (LIS-1). Noregur upplýsti að sérnámslækna sem hefðu komið til Noregs eftir að aðlögunartíma þar lauk 1. mars 2019 færu inn í nýja kerfið þar sem gerð er krafa um að sérnámslæknir hafi lokið LIS-1 og engar undantekningar séu á því. Hvorki sé hægt að taka tillit til þess að sérnám hafi hafist í öðru landi fyrir 1. mars 2019 né þeirra breytinga sem áttu sér stað á Íslandi með afnám kröfu um kandidategátt sem skilyrði fyrir almennu lækningaleyfi vorið 2021. Þá var einnig rætt um sambærilegar breytingar í Noregi og Svíþjóð og fjallað um hvernig aðlögunartíma hefði verið háttáð í breytingaferlinu.

Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO) og norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO)

Norræna hagskýrslunefndin NOSOSKO og norræna heilbrigðistölfræðinefndin NOMESKO safna tölfræðiupplýsingum frá Norðurlöndum um málefni er lúta að félags- og heilbrigðismálum og miðla þeim með aðgengilegum hætti. Á vefsíðu nefndanna, <https://nhwstat.org/>, má finna upplýsingar um m.a. tíðni lífsstílstengdra sjúkdóma, upplýsingar um notkun tiltekinna lyfja, fæðinga- og dánartíðni auk samanburðar á greiðslum, útgjöldum og þjónustu er lýtur að velferð íbúa. Á síðastliðnu ári var mikil vinna lögð í kortlagningu gagna og meðfylgjandi lýsigagna (e. metadata) þannig að tryggja megi að tölulegar upplýsingar séu samanburðarhæfar á milli norrænu landanna.

Í september 2022 var ársfundur NOSOSKO og NOMESKO haldinn á Húsavík. Þátttakendur á fundinum voru um 50 talsins frá öllum norrænu löndunum og ljóst að mikil þörf var á að þjappa hópnum saman. Að auki hittust formenn hvers lands þrisvar sinnum á fjarfundum þar sem til umræðu voru m.a. áframhaldandi þróun á vefsíðu og staðan á þróun NOVI-vísa (Nordiske velfærdsindikatorer).

Norrænt samstarf um lyfjamál

Vinnuhópur um lyfjamál (e. Working Group on Exchange of Information and Experiences in the Medicine Area, WGEMA, Nordisk arbejdsgruppe på pris- og tilskudsområdet for lægemidler) hélt árlega ráðstefnu sína í Ósló 23.–25. maí. Fjallað var um framtíðarapótekið, ástæður lyfjaskorts, verðsamanburð milli landa, nýja reglugerð Evrópusambandsins um heilbrigðistækni (HTA), ný lyf á sjóndeildarhringnum og aðgengi að lyfjum fyrir börn. Endurspeglar þessi viðfangsefni starf undirhópa WGEMA. Auk þess hélt stýrihópur WGEMA sex fundi. Einnig er vert að nefna að birt var skýrsla um fýsileika þess að framleiða bóluefni í norrænni samvinnu „A Nordic joint feasibility study – Potential for collaboration on innovation, development and production capacity of vaccines“. Skýrslan var unnin í samvinnu Norðurlandanna og starfið leitt af nýsköpunarstofnun Svía – Vinnova.

Norrænt samstarf um sjaldgæfa sjúkdóma

Norrænt samstarfsnet um sjaldgæfa sjúkdóma (Nordic Network on Rare Diseases, NNRD) hefur starfað frá árinu 2016. Þar fer fram fræðsla og miðlun þekkingar um hin ýmsu verkefni á sviði sjaldgæfra sjúkdóma. Starfið hefur styrkt samstarf á milli landanna og stofnana sem starfa á þessu sviði í löndunum sjálfum. Þjóðirnar eru að vinna markvisst að

skipulagi á sviði sjaldgæfra sjúkdóma, en eru mislangt komnar í þeim efnum. Nokkrir fjarfundir voru haldnir á árinu og einn staðfundur í Ósló 10.–11. nóvember. Á staðfundinum var m.a. rætt um samstarf Norðurlanda innan Evrópusamstarfsins og um lyfjamál. Á árinu hóf NNRD-hópurinn einnig undirbúning dagskrár fyrir norræna ráðstefnu um sjaldgæfa sjúkdóma, sem haldin verður 2.–3. október 2023, í Stokkhólmi. Sviar taka við ábyrgð á NNRD-verkefnum árið 2023.

Samstarfshópur um stafræna heilbrigðisþjónustu – eHealth group

Frá árinu 2011 hefur starfað norrænn samstarfshópur um stafræna heilbrigðisþjónustu. Samstarfshópurinn hefur það markmið að auka þekkingu á notkun upplýsingatækni á heilbrigðissviði á Norðurlöndum og stuðla að forystuhlutverki Norðurlanda þegar kemur að innleiðingu á upplýsingatækni á heilbrigðissviði. Hópurinn deilir upplýsingum um stöðu mála og stefnur stjórnvalda innan hvers lands og stendur vörð um norræn sjónarmið hvað varðar stefnu Evrópusambandsins um upplýsingatæknimál á heilbrigðissviði til að geta haft sem mest áhrif þar. Töluverð umfjöllun og upplýsingamiðlun hefur verið innan hópsins um European Health Data Space og heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.

Á vegum samstarfshópsins starfa tveir undirhópar. Undirhópurinn „Nordic eHealth Research Network“ (NeRN) starfar með sérfræðingum í samburði á innleiðingu á stafrænni heilbrigðisþjónustu og undirhópurinn „Nordic Standardization Group“ snýr að stöðlum sem eru nauðsynlegir fyrir miðlun heilbrigðisgagna milli aðila í heilbrigðisþjónustu.

Norrænt samstarf um áfengis- og vímuvarnir

Norræna vímuvarnaráðstefnan var haldin og að þessu sinni var hún tengd við norrænu lýðheilsuráðstefnuna. Á fyrri deginum var fjallað um áfengistengd málefni og á þeim síðari um önnur vímuefni. Dagskráin var skipulögð þannig að einn og hálfur dagur var haldinn sérstaklega fyrir þá sem sóttu eingöngu vímuvarnaráðstefnuna og svo heill dagur með þátttöku í ýmsum málstofum tengdum forvörnum á lýðheilsuráðstefnunni. Meðal umfjöllunarefna má nefna merkingar á umbúðir áfengis, nýjar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri og áhrif samfélagsmiðla á aðgengi og viðhorf ungmenna til áfengis. Alls tóku 15 einstaklingar þátt í vímuvarnaráðstefnunni frá Norðurlöndum.

Norræni embættismannahópurinn um áfengi (s. Nordiska tjänstemannagruppen på alkoholområdet) og norræni embættismannahópurinn um vímuefni (s. Nordiska tjänstemannagruppen för narkotikafrågor) funduðu í Ósló á árinu. Samhliða þeim fundum var haldin ráðstefna um forvarnir á Norðurlöndum. Þar flutti fulltrúi Íslands m.a. erindi um forvarnir og árangur á Íslandi. Á fundinum um áfengismál var meðal annars fjallað um nýja heimsáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til að draga úr skaðlegri notkun áfengis en hún nær til árana 2022–2030 og nýjustu útgáfu bókarinnar „Áfengi engin venjuleg neysluvara“. Helstu mál á fundunum um vímuefni voru meðal annarra kynning á norski skýrslu um mannréttindi út frá notendum vímuefna. Árið 2021 var lögð fram tillaga um að stofna norrænan hóp sérfræðinga til að skoða bestu leiðir til að koma í veg fyrir dauðsföll vegna ofskömmtunar. Sá hópur fundaði óformlega tvisvar sinnum á árinu. Finna þarf varanlegan farveg fyrir áframhald þessarar vinnu.

Jafnréttismál og málefni hinsegin fólks

Norræna ráðherranefndin um jafnrétti kynja og málefni hinsegin fólks (MR-JÄM) starfar á grundvelli sérstakrar samstarfsáætlunar sem samþykkt var fyrir tímabilið 2019 til 2022, með viðbót um málefni hinsegin fólks frá 2020. Núverandi samstarfsáætlun gildir út árið 2024.

Nefndin rekur norrænt upplýsinga- og rannsóknarsetur um kynjafræði, NIKK. Einnig rekur nefndin tvo verkefnasjóði, sem eru „Nordisk jämställdhetsfond“ og „Nordisk LGBTI-fond“, sem styrkja samstarfsverkefni Norðurlandanna á málefnasviðinu. Úthlutað var úr sjóði til hinsegin málefna í fyrsta skipti 2021 en jafnréttissjóðurinn úthlutar í tíunda skipti árið 2023. Upplýsingar um úthlutunarreglur sjóðanna er að finna á heimasíðu NIKK (nikk.no).

Norrænt samstarf um jafnréttismál og málefni hinsegin fólks á með beinum hætti að stuðla að jafnrétti og auknum réttindum hinsegin fólks á Norðurlöndum. Markmiðið með samstarfinu er að Norðurlönd verði það svæði heims þar sem mest jafnrétti ríkir og að réttindi hinsegin fólks séu tryggð þannig að öll njóti jafna tækifæra í lífinu.

Ráðherranefnd um jafnréttismál og málefni hinsegin fólks (MR-JÄM)

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál og málefni hinsegin fólks hélt einn fund á árinu, hinn 26. september í Ósló. Á fundinum var samþykkt yfirlýsing um viðbrögð við því bakslagi sem orðið hefur í jafnréttisbaráttu kynjanna og

baráttunni fyrir réttindum hinsegin fólks: Pushing back the push-back: Nordic Roadmap on advancing gender equality, women's and girls' rights, and equal rights of LGBTI-persons, 2022–2024. Með norrænum vegvísi (Nordic Roadmap) er markmiðið að styrkja samstarf innan Norðurlandanna um viðbrögð við bakslaginu, deila reynslu og þekkingu milli landanna og að Norðurlönd tali einum rómi á alþjóðavettvangi um mikilvægi jafnréttis og réttinda hinsegin fólks.

Einnig samþykkti ráðherranefndin að hefja undirbúningsvinnu fyrir nýja samstarfsáætlun fyrir árin 2025–2028.

Að loknum ráðherrafundinum sóttu ráðherrarnir ráðstefnu norrænu ráðherranefndarinnar um kynbundið náms- og starfsval og framtíðarvinnuþætti: Et likestilt Norden-Tiltak og lösninger for framtidens utdanning og arbeidsliv.

Embættismannanefnd um jafnréttismál og málefni hinsegin fólks (EK-JÄM)

Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál og hinsegin málefni hélt þrjá fundi á árinu. Fyrsti fundurinn var rafrænn og haldinn í febrúar. Á fundinum var ákveðið að útfæra sameiginlega norræna skuldbindingu gagnvart aðgerðabandalagi UN Women um „Feminist action on Climate Justice“ sem undirrituð yrði í tengslum við kvennanefndarfund Sameinuðu þjóðanna í mars. Annar fundur nefndarinnar var haldinn í Nuuk á Grænlandi í júní og í tengslum við fundinn var einnig haldið málþing um kynbundið ofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum. Þriðji fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn í nóvember og í lok þess fundar sóttu fulltrúar embættismannanefndarinnar vinnustofu þar sem fyrstu drög voru lögð að nýrri samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar.

Kvennanefndarfundur Sameinuðu þjóðanna í New York í mars 2022

Norrænu jafnréttismálaráðherrarnir tóku þátt í 66. þingi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW) í New York í mars 2022. Þar sátu ráðherrar í pallborði um kyn og loftslag: From gender blind to gender just. Time to commit to the Nordic climate leadership.

Ennfremur áttu norrænu ráðherrarnir fund með Simu Bahous, framkvæmdastjóra UN Women, og undirrituðu sameiginlega norræna skuldbindingu gagnvart aðgerðabandalagi UN Women um „Feminist Action for Climate Justice“.

Útgáfur og rannsóknarverkefni

Á formennskuári Noregs var verkefni um lífsskjör eldri borgara í hinsegin samfélaginu ýtt úr vör og mun því verkefni ljúka á formennskuári Íslands. Ennfremur hófst verkefni um kynjajafnrétti í sjávarútvegi.

Af útgáfum á vegum nefndarinnar má nefna eftirfarandi:

Climate, Gender and Consumption: A Research overview of gender perspectives on sustainable lifestyles.

A Green and Gender-Equal Nordic Region-Commitment by the Nordic Council of Ministers under Generation Equality's Action Coalition: Feminist Action for Climate Justice.

Towards a Nordic Alliance for Gender Equality and Climate Justice: 22 takeaways from the Nordic Roundtable in Oslo, January 2022.

Vinnumál

Norrænt samstarf á sviði vinnumála hefur það markmið að standa vörð um og þróa áfram meginreglur hins sameiginlega norræna vinnuþætti sem í 68 ár hefur verið hornsteinn samstarfs og norræns velferðarkerfis. Norrænt samstarf um vinnumál tekur til vinnuréttar, vinnuþætti og vinnuumhverfis.

Í samræmi við það heyrir undir embættismannanefndina þrjár undirnefndir; nefnd um vinnuþætti, nefnd um vinnurétt og nefnd um vinnuvernd. Á vegum samstarfsins er gefið út vefritið Arbetsliv i Norden auk þess sem stutt er við ungmennaverkefnið Nordjobb. Undir ráðherranefndinni er einnig rekin stofnun á sviði framhaldsmenntunar á sviði vinnuverndar (NIVA) sem staðsett er í Helsinki.

Á árinu 2022 var haldinn ráðherrafundur um vinnumál (MR-A) 22. nóvember í Ósló. Á fundinum fóru fram tvær þemaumræður, annars vegar um lærdóm norræns vinnuþætti af heimsfaraldri og hins vegar umræða um það hvernig löndin gætu í sameiningu styrkt hið norræna vinnuþættismódel í ljósi örra breytinga og tíðari áskorana.

Undir fyrri liðnum var fulltrúa OECD boðið til fundarins þar sem ráðherrar áttu umræður um greiningu OECD á viðbrögðum landanna á vinnuþætti í heimsfaraldri. Undir síðari liðnum ræddu ráðherrar þær áskoranir sem breytingar starfa hefðu á vinnurétt og vinnuþættislikön landanna. Umræðan var undanfari þess að ráðherrarnir skrifuðu undir sameiginlega yfirlýsingu sem fól í sér samnorræna nálgun í viðbrögðum við þeirri uppstokkun sem er að verða í tengslum við hið hefðbundna ráðningarsamband á vinnuþætti með auknum sveigjanlegum og óreglulegum ráðningarformum.

Líkt og á öðrum fagsviðum norrænnar samvinnu hefur vinnumálasamstarfið tekið þátt í að hrinda af stað nýjum rannsóknarverkefnum sem unnin eru í samstarfi margra fagsviða með markmið framtíðarsýnar norrænu ráðherranefndarinnar um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd að leiðarljósi. Árið 2022 var einnig fyrsta ár nýrrar samstarfsáætlunar í vinnumálum fyrir árin 2022–2024 þar sem áherslurnar eru í takti við framtíðarsýn norrænu ráðherranefndarinnar.

Á árinu 2022 ákvað NordForsk með aðkomu MR-A að styðja við fimm stór rannsóknarverkefni sem snerta vinnumarkaðinn. Verkefnin fela öll í sér frekari rannsóknir á því með hvaða hætti fjarvinnuþróun hefur áhrif á sjálfbæran norrænan vinnumarkað til framtíðar.

Verkefnin sem fengu styrki og munu verða leiðarstef norrænnar samvinnu á sviði vinnumála næstu árin eru eftirfarandi:

- *Understanding and Intervening against Sexual Harrassment at work*
- *Remote and flexible work arrangements: A cross-national study focused on implications for leaders and employees*
- *Sustainable working-life for ageing populations in the Nordic-Baltic region*
- *Sustainable and inclusive hybrid workplaces - anywhere and anytime?*
- *Sustainable Remote Nordic Labour Markets*

Í norrænu samstarfi hefur mikil áhersla verið lögð á að draga lærdóm af viðbrögðum stjórnvalda á vinnumarkaði í heimsfaraldri og var ákveðið að fela Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) að vinna sérstaka greiningu út frá þeim gögnum sem aðgengileg eru. Verkefninu lýkur á árinu 2023 en á árinu 2022 áttu ráðherrar fyrstu umræðuna um lærdóm og leiðir til framtíðar. Verkefnið var unnið í samstarfi við fagsvið MR-S, MR-JÄM og MR-Finans.

Í framtíðarsýn norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2030 er sérstakt markmið um að auka atvinnuþátttöku jafnarhópa meðal annars til að tryggja félagslega sjálfbæran og samkeppnishæfan vinnumarkað. Í ljósi þess ákvað norrænt samstarf á sviði vinnumála að setja af stað rannsóknarverkefni til fjögurra ára með það að markmiði að greina með hvaða hætti fjölga mætti þátttakendum á vinnumarkaði og vinna með þær hindranir sem ólíkir hópar standa frammi fyrir á vinnumarkaði. Fyrsti fasi verkefnisins var kynntur á ráðstefnu í Noregi í nóvember en því lýkur á árinu 2024 undir formennsku Svía í norrænu ráðherranefndinni.

Á sviði vinnumarkaðsmála var sett af stað verkefni sem laut að samspili framhaldsfræðslu og vinnumarkaðar á Norðurlöndum en þar verður sjónum beint að fyrirkomulagi framhaldsfræðslu í löndunum í ljósi örra breytinga og aukinna krafna um nýja hæfni á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki á árinu 2023.

Á sviði vinnuverndar var áhersla lögð á að greina áhrif og breytingar á vinnuumhverfi starfsfólks í kjölfar heimsfaraldurs út frá vinnuverndarfræðum. Rannsóknarverkefnum um þær áskoranir og þau tækifæri sem fólgin eru í framtíð starfa og vinnuumhverfi í stafrænu vinnuskipulagi í mismunandi ráðningarformum var framhaldið auk þess sem lögð var vinna í að greina tillögur um eftirlitsstarfsemi í atvinnulífi framtíðarinnar.

Löggjafarsamstarf

Samstarfið í norrænu embættismannanefndinni um löggjafarsamstarf (EK-JUST) um málefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytin komust í eðlilegt horf árið 2022 eftir að hafa borið merki COVID-19-faraldursins síðastliðin tvö ár. Haldnir voru þrjú embættismannafundir, tveir voru rafrænir og einn ráðherrafundur þar sem ráðherrarnir hittust og báru saman bækur sínar.

Á vegum embættismannanefndarinnar var unnið að ýmsum verkefnum. Meðal annars var styrkt ráðstefna og skýrslugerð um hægriöfgastefnur á Norðurlöndum, settur var á fót norrænn vinnuhópur um baráttuna gegn mansali og haldin málstofa um innleiðingu á löggjöf frá Evrópusambandinu og EES-löggjöf. Þá er í samstarfinu ávallt farið yfir helstu lagabreytingar sem unnið er að í dómsmálaráðuneytum landanna og farið yfir erlent samstarf allra ráðuneytanna, s.s. í Evrópuráðinu og um Evrópusambandslöggjöf og löggjöf sem fellur undir EES-samninginn.

Fundur dómsmálaráðherranna var haldinn í júní í Finnskogen í Solør í Noregi. Á fundinum ræddu ráðherrarnir um baráttuna gegn skipulagðri glæpastarfsemi, kynferðisbrot og netbrot auk samvinnunnar gegn mansali. Ráðherrarnir ákváðu að fela embættismannanefndinni að koma á fót vinnuhópi um aðgerðir gegn mansali og kanna þörfina á samvinnu um aðgerðir gegn netglæpum.

Þá var haldinn ráðherrafundur í norræna-baltneska samstarfinu undir formennsku Litháa. Fundurinn var haldinn 9. september í Vilnius í Litháen. Þar voru rædd netbrot, ofbeldi gegn konum, rafræn málsmeðferð í dómstólum og innrásin í Úkraínu. Einn fundur var haldinn í starfshópi um fjölskyldumálefni þar sem rædd voru ýmis málefni á sviði

sifjalöggjafarinnar á Norðurlöndum. Þá var haldinn einn fundur í starfshópi um refsirétt og rædd þau mál sem helst er unnið að í löndunum. Báðir þessir starfshópar eru undir embættismannanefndinni Ek-Just.

Efnahags- og fjármál

Markmið samstarfs á sviði efnahags- og fjármála á Norðurlöndum er að efla löndin til að takast á við núverandi áskoranir í ríkisfjármálum með samræðum og miðlun þekkingar. Val á verkefnum og upplýsingaskipti miða m.a. að því að auka þekkingu á mögulegum aðgerðum sem fjármála- og efnahagsráðherrar geta nýtt til að styrkja sjálfbæra umbreytingu Norðurlanda. Einnig er lagt upp úr því að löndin standi saman varðandi sameiginlega efnahagslega hagsmuni á alþjóðavettvangi þar sem ávinningur getur orðið meiri af samstarfi en ef löndin starfa hvert í sínu lagi.

Í lok júní 2022 var haldinn ráðherrafundur í Eidsvoll í Noregi þar sem ráðherrarnir ræddu m.a. efnahagsleg áhrif stríðsins í Úkraínu, þeir ræddu einnig hvert væri hlutverk ríkisins hvað varðar inngríp þegar sérstakar aðstæður skapast, s.s. heimsfaraldur kórónuveiru og stríðsátök, og þá ræddu þeir og sögðu frá reynslu sinni um það hvernig fjármálaráðuneytin gætu innleitt loftslagssjónarmið í ákvarðanir um efnahags- og ríkisfjármál og þar með stuðlað enn frekar að sjálfbærri þróun.

Á vegum samstarfsins er árlega gefið út vefþimaritið *Nordic Economic Policy Review (NEPR)*. Tölublað ársins 2022 sem kom út í byrjun júní fjallar um þær aðgerðir sem Norðurlönd fóru í til að lágmarka áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru í löndunum og hvaða efnahagslegar afleiðingar þær höfðu. Þrátt fyrir að aðgerðirnar væru í stórum dráttum svipaðar milli landa voru þær einnig að mörgu leyti ólíkar og löndunum vegnaði misvel. Gerður er samanburður á mismunandi aðgerðum landanna og áhrifum þeirra á lýðheilsu og efnahag og má af því draga dýrmætán lærdóm til framtíðar.

Embættismannanefndin tekur þátt í þverfaglegu verkefni sem fellur undir framkvæmdaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar fyrir tímabilið 2021–2024 um framtíðarsýn fyrir árið 2030. Verkefnið snýr að því hvernig hagvöxtur og réttlát græn umskipti geta fléttast saman og er unnið m.a. í samvinnu við fagsvið um byggða- og skipulagsmál (MR-R) og Nordregio. Niðurstaðna úr fyrsta áfanga er að vænta í byrjun árs 2023.

Þá var á árinu 2022 unnið að verkefni um líkanagerð þar sem fjármögnun loftslagsmála og áætlanir í efnahagsmálum eru samþættaðar. Verkefnið snýr m.a. að því að fagaðilar og sérfræðingar á þessu sviði í löndunum skiptast á upplýsingum og reynslusögum. Verkefnið er hálfnað. Nefndin tekur áfram þátt í og leggur til fjármagn í þverlægan vinnuhóp um umhverfis- og efnahagsmál.

Viðskiptamál

Menningar- og viðskiptaráðuneytið tekur virkan þátt í norrænu samstarfi á sviði félagaréttar. Norrænn hópur sérfræðinga á þessu sviði fundar árlega. Þetta samstarf er hins vegar ekki innan vettvangs Norrænu ráðherranefndarinnar. Sama á við um árlegan fund sérfræðinga frá Norðurlöndunum um málefni ríkisaðstoðar (Nordic State Aid Meetings).

Barna- og ungmennanefndin (NORDBUK)

Barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) hélt að venju þrjá fundi á árinu, tveir fundir voru rafrænir í ljósi stöðu heimsfaraldurs kórónuveiru. Síðasti fundur ársins var staðfundur og haldinn í Ósló í tengslum við ráðstefnu um rétt barna og ungmenna til þess að eiga rödd í krísu (Nordic Youth and Pandemic, preparing for involvement of our young during crisis) sem Norðmenn stóðu fyrir. Þetta er hluti af fjögurra ára samstarfsverkefni á milli NORDBUK, EK-S (Embedsmandskomité for Social- og Helsepolitik) og NVC (Nordens Velfærdscenter) þar sem meginmarkmiðið er að safna upplýsingum um áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru á börn og ungmenni.

NORDBUK tók þátt í margvíslegum verkefnum á árinu þar sem verkefnafé nefndarinnar hefur aukist töluvert á sl. árum. Á formennskuári Noregs var sérstök áhersla lögð á sjálfbóðaliðastarf og tók NORDBUK þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins var að efla lýðræðislega þátttöku og hlutverk æskulýðsfélaga í þróun lýðræðis.

Varðandi styrkjaáætlun NORDBUK, Norden 0–30, hafði heimsfaraldur kórónuveiru mikil áhrif á fjölda umsókna og framkvæmd verkefna. Einnig var meira um að umsækjendur sóttu aftur um og minna var um nýliðun meðal styrkþega. Hins vegar var fjölbreytni mikil meðal verkefna.

Niðurskurður innan skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar hefur einnig komið illa niður á NORDBUK þar sem nefndin virðist ekki lengur hafa stöðugildi ráðgjafa til þess að vinna að verkefnum og markmiðum nefndarinnar. Unnið er að lausn málsins.

Sérfræðingahópur um sjálfbæra þróun

Sérfræðingahópur um sjálfbæra þróun starfar innan norrænu ráðherranefndarinnar og er skipaður sérfræðingum á sviði sjálfbærni frá öllum norrænu löndunum. Hópurinn gegnir meðal annars ráðgjafahlutverki gagnvart norrænu samstarfsnefndinni (NSK) og samstarfsráðherrum Norðurlanda vegna framkvæmdar og eftirfylgni framtíðarsýnarinnar fyrir 2030. Í því felst meðal annars að tryggja að vinnan að framtíðarsýninni stuðli að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og öðrum alþjóðlegum markmiðum Norðurlandanna á sviði sjálfbærrar þróunar. Fulltrúar Íslands í hópnum koma úr forsætisráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu.

Árið 2022 átti sjálfbærnihópurinn meðal annars fund með framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem hópurinn gaf álit sitt á vinnunni framundan við uppfærða framkvæmdaáætlun framtíðarsýnarinnar. Þá fjármagnaði hópurinn vinnustofur fyrir norræn sveitarfélög til að deila reynslu sinni og læra hvert af öðru á sviði sjálfbærni með það að markmiði að flýta innleiðingu heimsmarkmiðanna á Norðurlöndum. Nordregio sá um skipulag vinnustofanna. Á árinu var einnig tekin ákvörðun um að Norðurlönd myndu skrifa sameiginlega sjálfbærniskýrslu um stöðu svæðisins gagnvart heimsmarkmiðunum og kynna á ráðherrafundi um sjálfbæra þróun hjá Sameinuðu þjóðunum (High Level Political Forum) árið 2024 og er undirbúningsvinna hafin.

Sérfræðingahópurinn gegnir einnig hlutverki viðmiðunarhóps í tveimur þverfaglegum verkefnum undir Norrænu ráðherranefndinni, en auk þess fara fulltrúar hópsins með formennsku í umræddum verkefnum. Viðmiðunarhópnum er ætlað að fylgjast með framvindu verkefnanna og veita ráðleggingar um framhaldið.

Annað verkefnið nefnist „Ekki einungis græn umskipti“ (e. Not „Just“ a Green Transition) og er markmið þess að stuðla að réttlátum umskiptum í átt að kolefnishlutlausum Norðurlöndum. Það verður meðal annars gert með því að útbúa þekkingargrunn um réttlát græn umskipti og hvernig loftslagsstefnur hafa áhrif á íbúa Norðurlanda og þ.m.t. sjálfstjórnarsvæðanna þriggja. Þá verða þróaðar stefnutillögur um réttlát græn umskipti fyrir norrænt samstarf og Norðurlönd. Nordregio heldur utan um framkvæmd verkefnisins og fulltrúi Íslands fer með formennsku í hópnum. Á árinu voru meðal annars gefnar út tvær skýrslur, annars vegar um lykilhugtök þegar kemur að réttlátum umskiptum og félagsleg áhrif loftslagsbreytinga á Norðurlöndum (e. Just Green Transition – key concepts and implications in the Nordic Region) og hins vegar um félagslegu áhrifin af aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum á tiltekna berskjaldaða hópa á Norðurlöndum (e. The social impacts of climate mitigation policies on vulnerable groups in the Nordic Region).

Hitt verkefnið nefnist „Sjálfbær lífsstíll á Norðurlöndum“ (e. Sustainable lifestyle in the Nordic Region) og er markmið þess að auðvelda fólki á Norðurlöndum að lifa sjálfbærum lífsstíl. Verkefnið skiptist í sex hluta: sjálfbær og heilsusamleg matvæli, sjálfbær menningarupplifun, Svaninn – norræna umhverfismerkið, menntun til sjálfbærrar þróunar, sjálfbæran lífsstíl út frá jafnréttissjónarmiðum og kynningarherferð sem beinist að ungu fólki. Nordregio tók um síðustu áramót við umsjón verkefnisins en það var áður í höndum Norræna hússins í Færejum.

Fylgiskjal I: Uppbygging norræns samstarfs

Norræna ráðherranefndin samanstendur af ellefu fagráðherranefndum auk tímabundinnar ráðherranefndar um stafræn málefni. Samstarfsráðherrar Norðurlanda sjá um samræmingu á norræna ríkisstjórnarsamstarfinu í umboði norrænna forsætisráðherra. Með ráðherranefndunum starfa embættismannanefndir og eftir atvikum starfa vinnuhópar og sérfræðinganefndir á þeirra vegum. Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn styður við starfið með sérfræðiaðstoð og undirbúningi funda. Innan vébanda nefndarinnar eru starfræktar norrænar stofnanir, sjá skrá hér að neðan.

Samstarfsráðherra Norðurlanda (MR-SAM)

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, samstarfsráðherra Norðurlanda
Norræna samstarfsnefndin (NSK)

Ráðherranefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)

Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra
Embættismannanefnd um fiskveiðar og fiskeldi (EK-FJLS/Fiskeri og havbrug)
Embættismannanefnd um landbúnað (EK-FJLS/Jordbrug)
Embættismannanefnd um matvæli (EK-FJLS/Levnedsmidler)
Embættismannanefnd um skógrækt (EK-FJLS/Skovbrug)
Norræna erfðaaauðlindastofnunin (NordGen)

Ráðherranefnd um sjálfbæran hagvöxt (MR-VÆKST)

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra (atvinnustefna)
Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra (byggðastefna)
Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra (orkustefna)
Embættismannanefnd um atvinnustefnu (EK-N)
Embættismannanefnd um orkustefnu (EK-E)
Embættismannanefnd um byggðastefnu (EK-R)
Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk Innovation)
Norrænar orkurannsóknir (NEF)
Norræn rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála (Nordregio)
Norræna Atlantssamstarfið (NORA)

Ráðherranefnd um umhverfis- og loftslagsmál (MR-MK)

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
Embættismannanefnd um umhverfis- og loftslagsmál (EK-MK)

Ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir (MR-U)

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra
Embættismannanefnd um menntamál og rannsóknir (EK-U)
Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)

Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K)

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra (menningarmál)
Embættismannanefnd um menningarmál (EK-K)
Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)
Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)
Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)
Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)
Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)
Norræna menningargáttin (NKK) (Kulturkontakt Nord)

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra (félagsmál)

Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra (heilbrigðismál)

Embættismannanefnd um félags- og heilbrigðismál (EK-S)

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)

Ráðherranefnd um jafnréttismál (MR-JÁM)

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

Embættismannanefnd um jafnréttismál (EK-JÁM)

Ráðherranefnd um vinnumál (MR-A)

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra

Embættismannanefnd um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A)

Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)

Ráðherranefnd um löggjafarsamstarf (MR-JUST)

Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra

Embættismannanefnd um löggjafarsamstarf (EK-JUST)

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármálastefnu (MR-FINANS)

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

Embættismannanefnd um efnahags- og fjármálastefnu (EK-FINANS)

Tímabundin ráðherranefnd um stafræna væðingu (MR-DIGITAL)

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

Embættismannanefnd um stafræna væðingu (HNG-DIGITAL)

Fylgiskjal II: Skammstafanir og aðrar stofnanir norræns samstarfs

NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfis-fjármögnunarfélagið
NDF	Nordic Development Fund – Norræni þróunarsjóðurinn
NEF	Nordisk Energiforskning – Norrænar orkurannsóknir
NGH	Nordisk gruppe for helsepersonell – Norrænn starfshópur um starfsréttindi heilbrigðisstétta
NIB	Nordiska investeringsbanken – Norræni fjárfestingarbankinn
NIKK	Nordisk information for kundskab om køn – Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjafræði
NIOM	Nordisk Institutt for Odontologiske Materialer – Norræna tannlæknastofnunin
NIVA	Nordisk institution for videreuddannelse indenfor arbejdsmiljø-området – Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd
NJC	Nordisk Journalistcenter – Norræna blaðamannamiðstöðin
NKJ	Nordisk Kommitté För Jordbruks- och Matforskning – Norræna samstarfsstofnunin um landbúnaðarrannsóknir
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NNRD	Nordic Network on Rare Diseases – Norrænt samstarfsnet um sjaldgæfa sjúkdóma
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantssamstarfið
NordBio	Nordisk bioökonomi – Norræna lífhagkerfið
NORDBUK	Nordisk Børne- og Ungdomskomite – Norræna barna- og ungmennanefndin
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknarráðið
NordGen	Nordiskt Genresurscenter – Norræna erfðaauðlindastofnunin
Nordisk Innovation	Norræna nýsköpunarmiðstöðin
Nordplus	Nordisk mobilitets- og netværksprogram for uddannelsesområdet – Norræn menntaáætlun fyrir nemendaskipti og tengslanet
Nordregio	Norræna rannsóknarstofnunin á sviði byggða- og skipulagsmála
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin

NVC	Nordens Velfärdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
NVL	Nordisk Netværk for Voksnes Læring – Norræna tengslanetið um nám fullorðinna
SNS	SamNordisk Skogsforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir